



**ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR**

KJARASAMNINGUR

LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Gildistími frá 1. maí 2005 til 31. október 2008

- LÖGREGLU -

MAÐURINN

2. tbl. - 2011



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:
Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri



Stefania Vigfúsdóttir
sérfræðingur

Prófkörk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssam-
bandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is



Efnisyfirlit...

Hlutverk lögreglumanns...veist þú hvert það er?	4
Gangur kjaraviðræðna LL við ríkið	6
Nýgerðir kjarasamningar opinberra starfsmanna	12
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?	18
Rannsókn gefur grænt ljós á Taser	20
Endurbætur á orlofshúsi LL í Munaðarnesi	25
Íþróttir	26

Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundu. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- ◆ Forðist skammstafanir.
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

Án verkfallsréttar!

Það er alltaf undarleg tilfinning að leggja af stað í kjaraviðræður vitandi það að stéttin sem verið er að vinna fyrir að bættum kjörum hefur engin „vopn“ í „vopnabúri“ sínu til að knýja á um það sem henni finnst vera eðlilegar, raunhæfar og sanngjarnar kjarabætur. Þannig er staðan með lögreglumenn og hefur verið frá árinu 1986 þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum frá hinu háa Alþingi. Lögreglumönnum var talin trú um það, á þessum tíma, að þetta myndi ekki koma að sök þar sem þeir fengju (sömdu reyndar um það – „Viðmiðunarsamningurinn“) svokallaða kauptryggingu sem ætti að tryggja lögreglumönnum það að þeir drægjust aldrei aftur úr ákveðnum viðmiðunarhópum í sínum launakjörum. Sitt sýndist hverjum með þessa aðferðarfræði fyrir þeim tuttugu og fimm árum sem liðin eru frá því að lögreglumönnum var gert það ljóst, af fulltrúum ríkisvaldsins að verkfallsrétturinn færi „með góðu eða illu“.

Nú, mörgum árum síðar, standa lögreglumenn frammi fyrir því enn og aftur að sitt sýnist hverjum er kemur að kjörum lögreglumanna – ríkisvaldinu annarsvegar og Landssambandi lögreglumanna (LL) hinsvegar. Vandinn sem við er að glíma er hinsvegar sá að aðilinn, sem er á öndverðum meiði við lögreglumenn um það hvað teljist sanngjarnt endurgjald fyrir það starf sem lögreglumenn inna af hendi er einnig aðilinn sem heldur um pyngjuna og á að greiða lögreglumönnum þetta sanngjarna endurgjald. Það er einmitt þess vegna sem Landssamband lögreglumanna ákvað að vísa kjaradeilu sinni í gerðardóm til úrlausnar þó svo að ljóst megi vera að það að ná samningum um kaup og kjör hljóti að teljast vænlegri kostur en að fá laun sín úrskurðuð með ákvörðun dóms. Slíka ákvörðun verða

lögreglumenn að setta sig við, hver sem hún verður! Þegar öllu er á botninn hvolt er það ljóst orðið, á þeim tuttugu og fimm árum sem liðin eru síðan verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn, að lögreglumenn hafa meira eða minna þurft að „setta sig við“ þau laun sem þeim hafa verið skömmtuð hverju sinni enda hafa lögreglumenn engar lagalegar leiðir til að knýja á um viðunandi endurgjald fyrir störf sín líkt og flestir aðrir launþegar í þessu landi.



Hvað myndist þér, ágæti lesandi, sanngjarnt endurgjald fyrir starf þitt ef það m.a. fæli eftirfarandi í sér:

- **Þú mættir** eiga von á því að lenda í átökum nánast í hverri vinnuviku þar sem þú værir kyldur, sleginn, bitinn, hrækt á þig, sparkað í þig, fengir yfir þig smitað blóð og aðra líkamsvespa, stunginn með eggvopnum, laminn með bareflum, skotið á þig, reynt að aka yfir þig, hent í þig grjóti, eggjum, saur, þvagi og öðrum miður skemmtilegum „flugskæptum“;
- **Þú mættir** eiga von á því að koma og vinna að málum er varða innbrot, líkamsárásir, andlát, morð, nauðganir, sjálfsvíg, barnaníð, eldsvoða, þjófnaði, flugslys, alvarleg umferðarslys, hraðakstur o.fl.;
- **Þú mættir** eiga von á því að þér, fjölskyldu þinni og börnum verði hótað lífláti, líkamsmeiðingum eða einhverju öðru þaðan af verra;
- **Þú mættir** eiga von á því að höfðað yrði opinbert mál á hendur þér vegna ákvarðana, sem þú tókst á vettvangi einhverra ofangreindra mála, þar sem þess yrði krafist að þú sættir refsingu sem fælust í sektum, varðhaldi eða jafnvel fangelsi og það jafnvel þótt þú

hafir farið að einu og öllu að öllum þeim lögum, reglum og starfsfyrirmælum sem þér var uppálagt;

- **Þú þarft** að vera tilbúinn til að vinna á næturvöktum, um jól, áramót, páska og aðra þá frídaga, sem meginþorri annarra launþega er í fadmi fjölskyldu sinnar.
- **Þú þarft** að vera tilbúinn að í þig verði kallað á öllum tímum sólarhrings þegar þú annars ættir að vera í fríi og þér fyrirskipað að mæta til vinnu.
- **Þú þarft** að vera vel fyrirkallaður allan sólarhringinn, allan ársins hring, sama hvað á dynur og jafnvel þótt þú hafir lent í einhverjum þeim atvikum sem að ofan er lýst, og tilbúinn að brosa framan í næsta „viðskiptavin“ sem eys yfir þig og fjölskyldu þína svívirðingum.

Ofangreint er alls ekki tæmandi „starfslýsing“ fyrir starfið „lögreglumaður“. Hér er eingöngu stiklað á stóru þ.a. þú, kæri lesandi, getir gert þér nokkra grein fyrir því til hvers ætlast er af þér hafir þú í hyggju að sækja um starf í lögreglu. Þetta er eingöngu sett hér fram þ.a. þú getir áttað þig á því hvað þú teldir „sanngjarnt endurgjald“ fyrir starf sem m.a. innifelur ofangreindar „skyldur“ sem kunna að vera lagðar þér á herðar. Þér til frekari fróðleiks skal það látið uppi að endurgjaldið sem ríkisvaldið telur „sanngjarnt“ fyrir þessa hlutastarfslýsingu er, eftir nám í lögregluskóla ríkisins, kr. 211.802,-.

LL telur þessi grunnlaun lögreglumanns algerlega óásættanleg og hefur farið fram á það að þau verði leiðrétt til samræmis við þá ábyrgð og áhættu sem fylgir því að starfa í lögreglu auk þess að tekið verði mið af þeim kröfum um hæfni og kunnáttu þeirra sem veljast til starfa í lögreglu. Að mati LL eru þetta ekki ýkja flóknar kröfur og þaðan af síður freklegar en eitthvað virðist kröfurnar þó hafa vafist fyrir viðsemjendum okkar og þeim sem eiga að greiða lögreglumönnum sanngjarnt endurgjald fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi.

Snorri Magnússon formaður LL.

Hlutverk lögreglumanns... veist þú hvert það er?



Heiða Rafnsdóttir

Orðið "lögregluþjónn" var starfsheiti lögreglunnar áður en því var breytt í orðið "lögreglumaður". Sá gamli skilningur sem settur er í orðið "þjónn" endurómar í viðhorfi almennings til lögreglunnar í dag, þrátt fyrir nafnbreytingu. Almennungur telur eðlilegt að lögreglan þjónusti hann þegar hann lendir í vandræðum s.s. týnist, lokast úti, stendur í nágrannaerjum, lendir í slysi eða gengið er á rétt hans fjárhagslega, andlega eða líkamlega. Í augum lögreglumanns eru ekki til glæpamenn eða óæskilegir borgarar þegar kemur að afskiptum, heldur fólk sem einhverra hluta vegna þarf á aðstoð eða aðhaldi lögreglu að halda. Hvort sem um er að ræða einstakling sem fer á sveig við lög og reglur, einstakling sem hefur verið beittur misrétti eða einstakling sem er einfaldlega staddur á versta tímabili lífs síns, þá er það skylda lögreglumanns að gera sitt besta til þess að tryggja að þessi einstaklingur njóti þess réttar, aðstoðar og aðhalds sem þarf til að vondu ástandi verði breytt til hins betra.



Við nám sitt lærir lögreglumaður að skilja nákvæmlega hvað felst í þessu. Lögreglumaður lærir hvernig á að tryggja réttaröryggi þess sem hann hefur afskipti af eða aðstoðar. Lögreglumaður lærir einnig hvernig á að bregðast við og framkvæma aðgerðir við aðstæður þar sem enginn annar kann eða vill bregðast við og þetta lærir hann að gera innan ramma gildandi laga og reglna og góðrar siðferðisvitundar. Lögreglumaður er fljótur að hverfa út úr hugsunarhætti hlutdrægni og dómhörku, ef það hefur einhvern tíma hrjáð hann, eftir stutta reynslu í starf. Slíkt er vinnuumhverfi lögreglumanns. Lögreglumaður er undir það settur að þurfa að taka ákvarðanir, oft í tímahraki, undir ólýsanlegum aðstæðum og oft með það fyrir augum að þurfa hugsanlega að bera persónulega ábyrgð á þeirri ákvörðun síðar, ef illa fer.

Getur þú sett þig í spor lögreglumanns? Reyndu að svara þessum spurningum. Hvað gerir þú þegar ökumaður getur ekki framvísað persónuskilríkjum og þú veist ekki hvort hann segir rétt til um nafn? Hvernig leysir þú ólgandi ágreiningsmál nágranna um lóðamörk? Hvað gerir þú þegar íbúi í fjölþýli neitar að lækka í hljómtækjunum kl. 01:30 á þriðjudagskvöldi? Hvernig aðstoðar þú foreldra við að ná grátandi ungbarni út úr læstri bifreið? Hvernig stoppar þú ökumann í ofsakstri í íbúðahverfi? Hvernig leitar þú að fíkniefnum í íbúð sem er full af rusli og HIV- og lifrabólguenguðum sprautunálum? Hvernig hefurðu samskipti við einstaklingi sem hefur ekki sofið í fimm daga vegna amfetamín vímu? Hvernig handtekur þú óðan, filefldan karlmann í margmenni? Hvernig berðu eins mánaða gamalt, rotnandi lík út úr lítilli íbúð í þröngum kjallara? Hvernig segirðu foreldrum að sonur þeirra hafi fundist látinn eftir að hafa hengt sig? Hvernig heldur þú það út að reyna í 30 mínútur að endurlífga 6 ára stúlku sem minnir þig allan tímann á dóttur þína? Hvernig líður þér þegar handtekinn maður segist vita hvar þú átt heima og hótar því að meiða börnin þín? Hvernig líður þér svo þegar almennungur, fjölmiðlar og dómstólar gagnrýna eða gera jafnvel lítið úr starfi þínu?

Lögreglumaður getur unnið við þessar aðstæður, sem fáir myndu líða, því hann þróar með sér þol, þykkan skráp og umburðarlyndi. Honum ber skylda til þess að koma fram við alla borgara af kurteisi og





virða rétt hvers og eins einasta, óháð stöðu, þjóð-
 erni, skoðana, andlegs ástands eða grunsemda um
 lögbrot. Þetta ber honum að gera þrátt fyrir að hann
 sé að upplifa erfiðasta vinnudag ævi sinnar. Lög-
 reglumaður er oft algerlega háður dómgreind sinni,
 siðferðisvitund, áunninni þekkingu og þjálfun í sínu
 starfi því oft er ekki mikilli aðstoð til að dreifa. Lög-
 reglumaður býr nefnilega ekki alltaf við það, sem
 margir telja sjálfsgöð réttindi, að geta leitað aðstoðar
 og upplýsinga hjá reyndari starfsmanni um hvernig
 best beri að leysa vandamál sem upp koma. Samt
 sem áður felast verkefni lögreglu fyrst og fremst í því
 að leysa vandamál, oft gríðarlega erfið.

Ábyrgð stjórnvalda

Enginn lögreglumaður sinnir starfi sínu vegna laun-
 anna. Ég leyfi mér að fullyrða að nánast hver einasti
 vinnandi lögreglumaður er í sínu starfi af hugsjón og
 umhyggju fyrir þeim sem „þjónustaðir“ eru, þó svo
 sú hugsjón geti verið rykfalinn í undirmeðvitundinni
 sökum áralangrar baráttu, streitu og misréttis sem
 lögreglumenn hafa þurft að þola.

Nú hafa lögreglumenn verið sammingslausir hátt í
 280 daga og síðasti kjarasamningur var undirritaður

árið 2005! Stjórnvöldum ber lagaleg og siðferðisleg
 skylda til þess að tryggja að hinn almenni borgari
 fái viðunandi þjónustu þegar hann á í erfiðleikum.
 Stjórnvöldum ber að sjá til þess að þeir sem veita þá
 þjónustu séu í stakk búinir til þess að takast á við þau
 verkefni. Álag á mörgum lögreglumönnum er gríð-
 arlegt sökum streitu í starfi, mikillar vinnuskyldu og
 fjárhagsáhyggja. Stjórnvöldum ber að létta byrði lög-
 reglumanna og gera þeim kleift að sinna starfi sínu
 af þeirri hugsjón sem allir lögreglumenn leggja upp
 með í byrjun starfsferils.

Þegar lögreglumenn þurfa að flýja starf, sem þeir
 hafa mikla umhyggju fyrir, af fjárhagslegum ástæð-
 um þá blæðir stéttinni út á skömmum tíma. Hvað
 ætla stjórnvöld að gera til þess að stoppa þessa
 blæðingu? Lögreglumenn eru góðir starfskraftar og
 verða vafalaust metnir að verðleikum á almennum
 vinnumarkaði leiti þeir þangað. Lögreglumenn hafa
 reynslu af því að leysa erfið verkefni, búa við gagn-
 rýna hugsun, sterka réttlætiskennd, áunna hæfileika
 í samskiptum, góða dómgreind og siðferðisvitund.
 Lögreglumenn geta leitað annað ef þeir þurfa, en
 sárt þætti hverjum sem er að þurfa að hætta að sinna
 starfi sem þeim þykir vænt um.

*Enginn lögreglumaður sinnir
 starfi sínu vegna launanna.
 Ég leyfi mér að fullyrða
 að nánast hver einasti
 vinnandi lögreglumaður er
 í sínu starfi af hugsjón og
 umhyggju fyrir þeim sem
 „þjónustaðir“ eru, þó svo sú
 hugsjón geti verið rykfalinn í
 undirmeðvitundinni sökum
 áralangrar baráttu, streitu og
 misréttis sem lögreglumenn
 hafa þurft að þola.*





Gangur kjaraviðræðna LL við

Kjarasamningar 2011



Steinar Adolfsson
frankvæmdastjóri LL.

Upphaf viðræðnanna var 18. október 2010 en þá fórum við Snorri á fund fulltrúa samninganefndar ríkisins (SNR) í fjármálaráðuneytið til að undirrita sk. viðræðuáætlun. Hún er skjal sem lýtur að ytra formi viðræðnanna og sett fram með það að markmiði að viðræðum verði lokið áður en gildistími eldri kjarasamnings rennur út (30. nóvember) og nýr samningur getur tekið við. Gert er ráð fyrir að áætlunin sé endurskoðuð ef ljóst er að endurnýjun kjarasamnings verði ekki lokið og tekin ákvörðun um hvort hún verði endurskoðuð eða málinu vísað til sáttameðferðar hjá ríkissáttasemjara.

Á þessum fundi lögðum við fram kröfu um að gerð yrði kjaraleg úttekt á stöðu lögreglumanna og hún höfð til hliðsjónar við viðræðurnar. Þetta er samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi og er nauðsynlegt að gera þegar í upphafi við gerð viðræðuáætlunar því að öðrum kosti getur SNR hafnað því að slík úttekt fari fram, en það gerðist einmitt í síðustu viðræðum milli aðila. Við lögðum jafnframt áherslu á að í viðræðunum vildum við ræða texta kjarasamningsins, bæði efnislegar breytingar og einfaldar leiðréttingar og skýringar við einstakar greinar og myndum fljótlega byrja að senda SNR vinnuskjöl þar að lútandi.


Á þessum tíma var orðið ljóst að aðildarfélag BSRB

vildu halda samningsréttinum hjá sér í stað þess að fara sameiginlega fram undir merkjum heildarsamtakanna líkt og gert var árið 2009. Hins vegar var ákveðið að tiltekin sameiginleg hagsmunamál væru á forræði BSRB svo sem lengd vinnuvikunnar, lífeyrismál, veikindaréttur o.fl. og fór sú vinna þegar í gang innan Bandalagsins.

Samningar á almennum markaði runnu út á sama tíma og hjá opinberum starfsmönnum. Öllum er það ljóst að lítið fer að hreyfast í málum opinberra starfsmanna fyrr en lokið hefur verið samningsgerð á almenna markaðinum. Þetta er söguleg staðreynd og fyrir þessu eru ýmsar ástæður svo sem að ríkið vill ekki vera launaleiðandi á vinnumarkaði. Ekki er ætlunin að fara nánar út í þá sálma hér svo sem hvort ásættanlegt er að þetta sé með þessum hætti en þó t.d. rétt að geta þess að krafa ASÍ um breytingar á lífeyriskerfi hins opinbera gerði samningsaðilum ríkis og BSRB ekki auðvelt fyrir í sínum viðræðum. Fulltrúar opinberra starfsmanna eru að sjálfsögðu reiðubúnir að ræða kerfið sem slíkt en ekki jöfnun réttindanna niður á við.

Hvað varðar þátt LL í þessu voru reglulega sk. samningseiningafundir hjá BSRB en þar hittast formenn samninganefnda aðildarfélaganna og

ÓTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR



ríkið

Tilfni þessara skrifa er málflutningur LL í fjölmiðlum um að afar hægt gangi í viðræðum okkar við ríki og að við upplifum okkur sem afgangsstærð í því sambandi. Það er því við hæfi að fara yfir gang mála frá því viðræður hófust þar til málið rataði inn á borð gerðardóms að okkar kröfu.

samninganefnda hvors aðila fyrir sig og kynningu á helstu áhersluatriðum samningsaðila. Töluverður tími fór í að ræða mögulegan framgang viðræðnanna í ljósi stöðu viðræðna á almenna markaðinum en með öllu var óljóst hvenær niðurstöðu væri að vænta úr þeim. SNR kynnti að ríkið væri að horfa til þriggja ára samningstímabils. Ekkert hafði verið gert í að láta framkvæma hina kjaralegu úttekt. SNR velti upp hugmyndum um hver ætti að framkvæma úttektina og var á móti því að láta fyrirtækið Talmakönnun ehf. vinna verkið en það er fyrirtæki sem LL hefur leitað til undanfarin ár til vinnu á slíkum gögnum. LL lýsti sig reiðubúið að skoða tillögur SNR í því efni en við lögðum áherslu á að vinnunni yrði hraðað og m.a. tekið til umfjöllunar efnislegt innihald verkbeiðninnar

miðla upplýsingum sín á milli um stöðu vinnslu kröfugerða, hvort einhverjar viðræður hafi yfir höfuð átt sér stað auk þess sem fulltrúar í viðræðuhópi BSRB gera grein fyrir stöðu viðræðnanna. Þetta eru vissulega gagnlegir fundir og oft tekist á um leiðir og markmið en segjast verður eins og er að afar lítið breyttist á milli funda enda ekki frá miklum fréttum að segja – eðli máls samkvæmt – sífelld bið og vangaveltur um næstu skref.

Við leitum til SNR með reglulegu millibili, bæði með tölvupósti og símleiðis, til að kanna hvenær við gætum hafið okkar vinnu. Treglega gekk að ná sambandi og það var helst ef fréttist af fulltrúum SNR í BSRB-húsinu á fundum með heildarsamtökum að tókst að króa þá af og minna á að svara nú þessum erindum svo vinnan gæti hafist. Við byrjuðum einnig að senda frá okkur einstaka kafla kjarasamningsins þar sem skýrt kemur fram hverju við viljum breyta og hvernig auk ítarlegs rökstuðnings svo SNR gæti áttað sig á forsendunum.

Skemmst er frá því að segja að fyrsti formlegi samningafundurinn var ekki haldinn fyrr en 20. janúar 2011 eða þremur mánuðum eftir undirritun viðræðuáætlunar. Þar var farið í gegnum hefðbundin atriði svo sem framlagningu á nöfnum fulltrúa



ÚTRUNNI
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Reykjavík	Búr ehf.	Laugavegi 62	Hljóðfæraverslun
AB Varahlutir ehf.	Byggingafélag Gylfa	Gistiheimilið Baldursbrá	Pálmars Árna
AH Lögmenn ehf.	og Gunnars hf.	Gistihúsið Ísafold	Hótel Cabin ehf.
Alefli ehf.	Cafe konditori	Gjögur hf.	Hótel Leifur Eiríksson ehf.
- Byggingaverktakar	Danica sjávarafurðir ehf.	Gleraugnaverslunin	Hótel Óðinsvé
Alhliða pípulagnir	Dentalstál ehf.	Sjón ehf.	Hrafnhildur
Allrahanda ehf.	Diantina ehf.	Glóbus hf.	Sigurðardóttir ehf.
Allt fint ehf.	Dvalar og hjúkrunarheimilið	Grand hótél Reykjavík	Hreinsibílar ehf.
Antikmunir	Grund	Grant Thornton	Hreinsitækni ehf.
Arctic rafting ehf.	Dýraspítalinn í Viðidal ehf.	endurskoðun	Hreysti ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.	E. Sigurjónsson	Grásteinn ehf.	Hringrás hf.
Arkís ehf. - Arkitektar	lögmannsstofa ehf	Grensáskirkja	HU - Vegamót
Asía ehf.	E.F. Ben ehf.	Grensásvideo ehf.	Humarhúsið
Auglýsingastofan	Efling stéttarfélag	Gró ehf.	Hönnunarstofa Maríu Lovísu
ENNEMM ehf.	Efnalaugin Perlan ehf	Gróco hf.	IÐAN Fræðslusetur
Austur Indíafélagið	Egill Árnason ehf	Guðmundur Arason ehf.	Inter ehf.
Árbæjarapótek ehf.	Eico ehf.	Smíðajárn	Isoft á Íslandi ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.	Eignamiðlunin ehf.	Gull- og silfursmiðjan	ÍSAGA ehf.
Ásfell ehf.	Ellen Ingvadóttir lögg. dóm- túlkur og skjalþýðandi	Erna hf.	Íslandsóstur hf.
B.B. Bílasalan ehf.	Erluís	Gullkistan	Íslenska gámafélagið
Bako Ísbert ehf.	Ernst & Young	Gullsmiðurinn í Mjódd	Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Barnaverndarstofa	Eyrir Fjárfestingafélag ehf.	Gunnar Eggertsson hf.	Ísmar hf.
Barónspöbb ehf.	Fatahreinsunin Snögg	Gústaf Þór Tryggvason hrl.	Ísold ehf, hillukerfi
Bernhöftsbakarí ehf.	Faxaflóahafnir	H.B. Grandi hf.	- www.isold.is
Beyki ehf.	Ferðamálastofa Íslands	Haagensen ehf.	Ís-spor hf.
Bifreiðabyggingar sf.	Ferðaskrifstofan Vita ehf.	Hafgæði sf.	Ípróttafélagið Fylkir
Bifreiðastillingar Nicolai	Félag iðn-og tæknigreina	Hagi ehf.	Janusbúðin - Laugavegi 25
Bifreiðastjórafélagið Frami	Félag íslenskra bifreiðaeig- enda	Hagkaup ehf. - Skrifstofa	Jens Guðjónsson hf.
Bifreiðastjórafélagið	Félag Skipstjórnarmanna	Hamborgarabúllan	Jóhannes Long ljósmyndari
Sleipnir	Félagsbústaðir hf.	Haukur Þorsteinsson	Jón Sigmundsson
Bílahöllin - Bílaryðvörn hf.	Fjallamenn ehf.	tannlæknir	Skartgripaverslun hf.
Bílaleigan AKA ehf.	Forum Lögmenn	Háfell ehf.	K. Pétursson ehf.
Bílalíf, bílasala	Fótaaðgerðastofa Reykjavík- ur ehf.	Hárgreiðslustofan	KAFFI ROMA
Bílamálun Sigursveins Sig- urðssonar	Fraktflutningar ehf.	Greiðan ehf	Kaffibarinn ehf.
Bílfang ehf	Freyðing ehf.	Hátækni ehf.	Kaffivagninn hf.
Blaðamannafélag Íslands	Frjó quatro ehf.	Heilsa Nr.1 ehf.	Kemis ehf.
Bláfugl ehf.	Frumkönnun ehf. - Tjóna- skoðun	Heilsubrunnurinn ehf.	Kjörgarður
Blikksmiðurinn hf.	Fröken Júlía ehf	Henson hf.	Klipphúsið ehf.
Blómastofa Friðfinnss	Fönix ehf.	Hereford steikhús	Knattborðsstofan Klöpp
Blómatorgið	G.B. Tjónaviðgerðir ehf.	Herrahúsið Herrabúðin hf.	KOM Almannatengsl
Borgarpylsur	Gagnaöryggi ehf.	Hilmar D. Ólafsson ehf.	Kórund Kort ehf.
Bókhaldsþjónusta	Gallerí Fold	Híbýli fasteignasala ehf	Kvika ehf.
Arnar Ingólfssonar ehf	Garðtækni sf.	Híbýli og skip ehf.	Kvikk þjónustan ehf.
Bólstrarinn	Gáski ehf.	Hjá Dóra ehf. - Matsala í Mjóddinni	Lagaþing sf. - Þorbjörg I.
Bólstrunin	- Sjúkraþjálfun	Hjólbarðaverkstæði Graf- arvogs	Jónsdóttir hrl.
Miðstræti 5	Gilbert úrsmiður	Hjólbarðaverkstæði Sig- urjóns ehf.	LAG-Lögmenn sf.
Bón-Fús		Hlað sf.	Lagnalagerinn ehf.
BSRB			Landhelgisgæsla Íslands
			Landsnet hf.
			Landvernd



Því þar væru augljóslega atriði sem orðið gætu aðilum þrætuþli. SNR viðraði möguleikann á að Hagfræðistofnun Íslands annaðist úttektina og LL vildi skoða málið. Á fundinum var einnig ákveðið að hefja formlega vinnu vegna endurskoðunar kjarasamningstextans og að það yrði gert með tölvu-póstsamskiptum.

Næsti fundur var ekki haldinn fyrr en 10. mars. Þar mótmaeltum við seinangangi SNR við að fylgja eftir þeim atriðum sem rædd voru á fyrsta fundinum. SNR lýsti því yfir að von væri til að viðræður á almennum markaði klárðust í marsmánuði og þá færu viðræður á fullt skrið við opinbera starfsmenn. SNR lýsti því jafnframt yfir að vinna tengd kjaralegri úttekt og við kjarasamningstextann færi fljótlega á stað.

Þriðji fundurinn var haldinn 17. mars. Þar voru sömu atriði til umræðu en einnig tók LL upp að skoða þyrfti hvernig fara ætti með álagsgreiðsluna sem lögreglumönnum var tryggð með gerðardómi frá 2. júní 2010. Að mati LL væru tvær leiðir færar, annars vegar að hækka grunnlaunin, og þá væri krafa LL að hækkinin væri einfaldlega sama krónutala, og hins vegar að tryggja verðmæti krónutölunnar með tengingu við vísitölu. Þá tók LL einnig upp framkvæmd þrekprófana og frekari þróun þeirra svo sem að heimilað yrði að prófa einnig á þrekhljóli.

Fjórdi fundurinn var loks haldinn 18. maí en þá hafði loks verið skrifað undir samninga á almennum markaði 5. maí. Enn voru til umræðu sömu atriði og á fyrri tveimur fundum og engin niðurstaða í augsýn. Varðandi kjaralegu úttektina var LL reiðubúið að fallast á að Hagfræðistofnun Íslands ynni greinargerðina þó við vildum frekar að Talnakönnun ynni verkið. Nokkuð ljóst var orðið á þessari stundu að aðilar næðu ekki saman um forsendur könnunarinnar. Mikil tölvupóstsamskipti höfðu verið um þetta atriði en SNR hélt fram þeirri afstöðu að slík könnun ætti einungis að ná til síðasta kjarasamningstímabils (júlí 2009 til nóvember 2010) en LL að könnunin ætti að ná allt til ársins 2001 er ákvæðið kom inn í kjarasamninginn. Rök SNR voru byggð á að það væri alltaf síðasta tímabil sem væri til skoðunar en LL byggði á því að fyrir 2001 var í

gildi svokallaður viðmiðunarsamningur þarsem skoðun skyldi fara fram á 6 mánaða fresti og ef lögreglumenn hefðu dregist aftur úr tilteknum viðmiðunarstéttum var það leiðrétt með grunnlaunahækkunum og síðan var einnig hvert samningstímabil gert upp í lokin og leiðrétting gerð til hækkunar grunnlauna. Það gæti ekki hafa verið vilji samningsaðila á sínum tíma (SNR og LL) að fara úr því kerfi og yfir í það sem SNR hélt nú fram enda ekkert í ákvæðum fylgiskjalsins sem gefur neina vísbendingu um þessa nálgun. Með því að skoða tímabilið í heild væru samningsaðilar búnir að „afgreiða“ umrætt tímabil og við næstu viðræður, ef það væri vilji samningsaðila, væri unnt að taka til skoðunar tímabilið frá 30. nóvember 2010. Auk þess væri nauðsynlegt fyrir forsvarsmenn LL hreinlega að vita um þessa afstöðu SNR og gæti því meðvitað ákveðið hvort rétt væri að láta slíka könnun fara fram eða ekki. Að loknum fundi leituðum við til manna sem voru í samninganefnd LL árið 2001 og enginn þeirra kannaðist við þessa túlkun SNR á fylgiskjalinu og slíkt hafði aldrei verið rétt í samningsgerðinni.

Rétt er að geta þess að tollverðir eru í nákvæmlega sömu stöðu og við varðandi þennan þátt, hafa svipuð ákvæði um rétt til kjaralegrar könnunar í sínum kjarasamningi og stóðu í sams konar stappi við SNR og við í viðræðunum nú.

Fimmti fundurinn var haldinn 23. maí. Á þessum tíma var SNR á fullu í viðræðum við heildarsamtök og stóru stéttarfélagin svo sem SFR og á svipuðum forsendum og samningar náðust um á almennum markaði. Fulltrúar SNR voru svo sem alveg hreinskilnir um að minni félögin yrðu einfaldlega að sætta sig við að bíða og að þeim kæmi í fyllingu tímans – svo mörg voru þau orð þrátt fyrir mótmæli okkar. Þar sem ekki náðist samkomulag um hina kjaralegu könnun varð úr að SNR sendi einhliða beiðni um úttekt til Hagfræðistofnunar sem skyldi ná til tímabilsins 1. júlí 2009 til 30. nóvember en þó var opnað á að úttektaraðilinn mætti miða við tímabil lengra aftur í tímann og út frá þeim gögnum sem fyrri gerðardómur hefði haft til skoðunar. Við töldum þetta orðalag beiðninnar á engan hátt fullnægjandi og að þar væri sett í hendur

ÚTRUN
SAMNINGI
296 DAGA

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNI
SAMNINGI
296 DAGA



ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR

úttektaraðilans sjálfs að ákveða hvort hann vildi skoða tímabilið eða ekki. Auk þess kom í ljós seinna vegna samskipta tollvarðafélagsins við Hagfræðistofnun og SNR að úttektin var alfarið bundin við tímabilið frá 1. júlí 2009. Í samskiptum okkar við SNR kom í ljós að ekki kæmi til greina af þeirra hálfu að greiða fyrir úttekt sem þeim væri ekki þóknanleg og við yrðum að reyna að ná lendingu í málið – en þegar á reyndi var í lagi að greiða fyrir úttekt sem alls ekki var sameiginleg og það þrátt fyrir að það vorum jú við sem fórum fram á að úttektin yrði gerð!

Sjötti fundurinn fór fram 10. júní en þá var ríkið búið að ganga frá samningi við BHM. Farið var lauslega í gegnum þá samninga en þeir eru frábrugðnir að því leyti að ekki er miðað við lágmarkskrónutöluhækkun heldur eingöngu prósentuhækkunir enda laun hópsins það há að allir eru hvort sem er yfir þessum lágmarkum. Að öðru leyti voru samningarnir sambærilegir við aðra samninga sem gerðir höfðu verið. SNR bodaði framlagningu tilboðs sem væri sambærilegt við aðra samninga, þ.e. byggði á lágmarkskrónutölu og prósentuhækkun. Þá var til umræðu álagsgreiðan en SNR ætlaði nú loks að velja upp leiðum til lausnar í því sambandi og koma með tilbúna útfærslu á næsta fundi. LL lagði fram kröfu um að vísitölubinda þrekálagsgreiðsluna og eftir atvikum álagsgreiðsluna ef hún kæmi ekki í töflu en krafa LL var að miðað yrði við sömu grunnlaunahækkun. SNR hefur þó alltaf haldið fram að ef greiðslan færi inn í töflu þyrfti að kostnaðarmeta hana og færa inn í töflu sem lægri fjárhæð (tekið mið af öðrum liðum svo sem yfirvinnu af hærri taxa, hækkun lífeyrisskuldbindinga o.fl.).

Farið var ítarlega yfir mörg atriði sem samið hafði verið um við önnur félög hjá hinu opinbera til að skilningur samningsaðila á textanum væri ljós enda fyrir séð að þau atriði yrðu til umræðu á næstu fundum.

LL lagði einnig fram tilboð þar sem tekin voru inn þau ákvæði annarra samninga sem við töldum skipta okkur máli, fjöldamörg önnur atriði sem varða stéttina miklu og stjórn LL hefur lagt áherslu á í sinni kröfugerð og einnig atriði sem lúta að textaskýringum. Launaliðurinn var látinn standa eftir sem spurningarmerki til að leggja áherslu á að við myndum ekki sætta okkur við það sem flestir aðrir voru að semja um.

Sjöundi fundurinn var haldinn 23. júní. SNR var þá búið að leggja fram formlegt tilboð til samræmis við það sem um hafði verið rætt á fundinum á undan og var á nákvæmlega sömu nótum og aðrir samningar sem gerðir höfðu verið – sem sagt ekkert tekið tillit til þeirra atriða sem við höfðum sett fram á fyrri fundum.

SNR var ekki búið að útfæra hugmyndir varðandi álagsgreiðsluna enda taldi ríkið að tilboðið sem væri á borðinu tæmdi heimildir þeirra varðandi launaliðinn og lengra yrði ekki seilst!

Farið var ítarlega á ný í efnisleg atriði og merkingu einstakra greina til að útkljá atriði, skerpa á skilningi og velja upp möguleikum á útfærslu. SNR gerði þó grein fyrir því að ekki væri mikið rými til að breyta greinum sem samið hafði verið sérstaklega um við önnur félög enda myndu slíkar breytingar kalla á breytingar á öðrum samningum sem m.a. væru nú til kynningar og atkvæðagreiðslu. Því væri þetta í raun spurning um að velja á milli þess að taka greinarnar upp eða hafna þeim alfarið og halda óbreyttum ákvæðum.

Í lok fundarins fóru formennirnir á einkafund og niðurstaða þess fundar varð sú að ríkið ætlaði að koma með nánari útfærslu á launaliðnum sem gæti aukid líkurnar á samkomulagi. Ástæða þessa var að ríkið taldi að með tilliti til samanburðar á heildarlaunum gæti ríkið seilst örlítið lengra og útfærslan átti að vera þannig að þau umframverðmæti myndu nýfast stéttinni sem best, þ.e. þannig að umframhækkun kæmi fram í launatöflu þar sem mestur fjöldi lögreglumanna væri. Það þýddi hins vegar að hækkun lægstu launa gæti verið minni en sem næmi lágmarkskrónutölunni, þ.e. 12.000 kr. fyrsta árið, og þá værum við til framtíðar, að fengnu samþykki félagsmanna, með lægri upphafstölu í launatöflunni til að vinna með – sem væri auðvitað slæmt.

Áttundi fundurinn var haldinn 24. júní. Þar var fyrst og fremst verið að vinna með röðun í töflu út frá þeim forsendum sem ræddar voru milli formanna á fundi gærdagsins. LL gerði SNR samt grein fyrir því að útfærsla launaliðarins með þessum hætti myndi ekki duga til að við töldum samninginn ásættalegan og tækan til að leggja í dóm félagsmanna okkar.

Farið var yfir þær greinar sem LL vildi taka inn og eru sameiginlegar öðrum félögum og höfðu þegar



hins vegar tímabilið 2005 – 2010. Bæði þessi gögn sýna að verulega hefur hallað á lögreglumenn í kjörum. Við gerðum SNR grein fyrir að þessi staða væri óásættanleg og að við gætum ekki skrifað undir það tilboð sem lægi á borðinu. SNR gerði þá úrslitatilraun sem m.a. fól í sér útfærslu orðalags fylgiskjalsins sem var vissulega til bóta og opnaði m.a. fyrir að álagsþóknunin yrði færð inn í töflu en þá þannig að hún yrði lægri en kr. 15.000. Við töldum bókunina allt of óskýra og að hún veitti enga tryggingu fyrir því hvenær á samningstímanum slík breyting yrði og þar sem ekki áttu að fylgja nein „ný verðmæti“ værum við alltaf að tala um skiptingu verðmæta sem væri allt of lág og því hefðum við engan annan kost en að vísa kjaradeilunni til gerðardóms.

Þessi ákvörðun okkar féll vægast sagt í grýttan jarðveg hjá SNR og voru orð látin falla og háttsemi sýnd af einstaka fulltrúa sem að mati greinarhöfundar ætti ekki að heyrast eða sjást hjá þrautreyndu samningafólki eða yfirhöfuð í viðræðum aðila sem hafa það hlutverk að reyna að sá saman um erfið mál.

Gerðardómur

LL vísaði málinu formlega í gerðardóm 30. júní og tilnefndi fulltrúa sína 4. júlí. Þrátt fyrir eftirgangssemi LL gengu SNR og ríkissáttasemjari ekki frá tilnefningum sínum fyrir en 17. ágúst! Í fylgiskjalinu eru skýr ákvæði um að gerðardómurinn eigi að ljúka störfum eigi síðar en 30 dögum eftir skipun hans nema aðilar séu sammála um önnur tímamörk. Það eru hins vegar engin ákvæði um hvenær tilnefningum/skipun fulltrúa í dóminn skuli vera lokið og auðvitað tók það óheyrilega langan tíma fyrir SNR að ganga frá sínum þætti. Gerðardómurinn á að ljúka störfum núna 23. september og vonandi verður sú niðurstaða ásættanleg fyrir stéttina – annars er úr vöndu að ráða fyrir alla hlutaðeigandi.

Um þetta ferli allt saman má hafa mörg orð en ég læt staðar numið hér og geymi þá ræðu þar til seinna!

farið inn í samninga sem ýmist voru samþykktir eða í atkvæðagreiðslu.

Þá var einnig unnið með texta í bókunum sem alltaf fylgja samningunum, m.a. um mál sem á að vinna í á samningstímanum.

Níundi fundurinn var haldinn 27. júní. Á þessum tímamarki vorum við farin að nálgast endapunktinn að okkur fannst og vildum fá álit annarra stjórnarmanna á því sem við vorum með í höndunum og fá þannig fram stöðumat. Ákveðið var að halda lokafund 30. júní og reyna þá til þrautar.

Tíundi fundurinn var haldinn 30. júní. Þá vorum við nestaðir með ýmsar athugasemdir frá stjórnarmönnum. Einnig lögðum við fram nákvæmt yfirlit yfir kjör tollvarða og útreikning frá hagfræðingi BSRB um þróun vísitölu dagvinnulauna lögreglumanna annars vegar og opinberra starfsmanna

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR

ÚTRUNNINN
SAMNINGUR
296 DAGAR





Nýgerðir kjarasamningar opinberra starfsmanna



Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri LL.

Sem kunnugt er hafa flest aðildarfélag BSRB nú undirritað kjarasamninga við ríki og sveitarfélög og er gildistími þeirra flestra í marslok 2014. Skriður komst á viðræðurnar í vor eftir að samningar höfðu náðst á almennum markaði en hið opinbera hafði í raun hafnað að gera samninga fyrir en sú niðurstaða lægi fyrir. Samningarnir hafa flestir verið á mjög svipuðum nótum, bæði hvað varðar launaliðinn og réttindin þótt vissulega séu jafnan einhver sérstaklega um. Fyrst og fremst er verið að horfa til þess að auka kaupmátt á gildistíma samninganna sem er þrjú ár. Þetta er gert m.a. með því að hækka laun á hverju ári umfram áætlaða verðbólgu. Settar eru fram tilteknar forsendur og ef þær standast ekki er heimilt að segja kjarasamningunum upp fyrir 15. febrúar 2012 og 15. febrúar 2013 og falla þeir þá þegar úr gildi.

Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum samninganna og í dæmaskyni er valinn samningur SFR - stéttarfélag í almannajónustu við ríkið.

Launahækkunar hjá SFR verða með eftirfarandi hætti:

1. júní 2011: 4,25% eða kr. 12.000,- að lágmarki.

1. mars 2012: 3,50% eða kr. 11.000,- að lágmarki.
1. mars 2013: 3,25% eða kr. 11.000,- að lágmarki.

Skýring:

Felur það í sér að launahækkun er að lágmarki krónutöluhækkunin, þ.e. kr. 34.000, yfir samningstímann. Miðað við 1. júní 2011 hækka laun undir kr. 282.3353 um kr. 12.000 en hærri laun um 4,5%. Miðað við 1. mars 2012 hækka laun undir kr. 314.286 um kr. 11.000 en hærri laun um 3,5% og miðað við 1. mars 2013 hækka laun undir kr. 338.462 um kr. 11.000 en hærri laun um 3,25%.

Eingreiðslur:

Kr. 50.000 eingreiðsla kemur 1. júlí 2011 fyrir þá sem hafa verið í starfi í mars og apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur fá hlutfallslega greiðslu.

Kr. 38.000 eingreiðsla kemur 1. mars 2014 fyrir þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014 og hlutfallslega fyrir þá sem eru í hlutastarfi.

Skýring:

Eingreiðslan í upphafi er til að mæta því að kjarasamningar hafa verið lausir frá 30. nóvember sl. Ein-





næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

Skýring:

Heimildin var miðuð við 5 daga (40 tíma) en engin ákvæði voru um fyrningu.

Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna:

Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna.

Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

Greinin tekur gildi 1. mars 2012.

Skýring:

Tryggir starfsmönnum í hlutavinnu greiðslu 25 mínútna yfirvinnu vegna óhagræðisins við að hafa ekki fasta matar- og kaffitíma. Ágreiningur hefur verið uppi um hvort greiðsla til starfsmanna í hlutavinnu samkvæmt þessu eigi að vera í yfirvinnu eða á dagvinnutaxta þar til 40 stunda (100% starfshlutfalli) er náð.

Fæðisfé og fatapeningar:

Fæðisfé hækkar úr kr. 340 í kr. 380. Auk þess er ný grein sem tekur gildi 1. mars 2012 sem veitir vaktavinnu- mönnum rétt til fæðisfjár þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin.

Fatapeningar hækka frá kr. 1.774 á mánuði í kr. 3.800.

greiðslan í lok tímabilsins er sett fram til að mæta því að kjarasamningar á almennum markaði gera ráð fyrir að hækkanir árin 2012 og 2013 taka gildi mánuði fyrr, þ.e. 1. febrúar í stað 1. mars og gilda tveimur mánuðum skemur eða til loka janúar 2014 í stað loka mars sama ár.

Hækkanir á orlofsuppbót og persónuuppbót (desemberuppbót)

Orlofsuppbót fyrir árið 2011 hækkar í kr. 26.900 auk kr. 10.000 álags sem reiknast á sama hátt og uppbótin.

Orlofsuppbót á árinu 2012 verður kr. 27.800.

Orlofsuppbót á árinu 2013 verður kr. 28.700.

Desemberuppbót fyrir árið 2011 hækkar í kr. 48.000 auk kr. 15.000 álags sem reiknast á sama hátt og uppbótin.

Desemberuppbót á árinu 2012 verður kr. 50.500.

Desemberuppbót á árinu 2013 verður kr. 52.100.

Frí í stað yfirvinnu:

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna fríðögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	Neyðarþjónustan ehf	Skarhúsið	Kistufell ehf.
Litir og föndur - Handlist ehf.	Nortek ehf.	Skeljungur hf.	Varðan ehf.
Litla Sendibílastöðin sf.	Nýi ökuskólinn ehf.	Skerjaver ehf.	Vátryggingafélag Íslands hf.
Lifland hf.	Nýja sendibílastöðin hf.	Skolphreinsun Ásgeirs	VDO - verkstæði ehf.
Lifstykkiabúðin ehf.	Næsti bar	Skorri ehf.	Veggspor ehf.
Ljósboginn ehf.	Ottó auglýsingastofa ehf.	Skóvinnustofa Halldórs	Veðikortið.is
Ljósín ehf.	Ósal ehf.	Guðbjörnssonar	Veðiþjónustan Strengir
Loftlínur ehf,	P og Ó hf. auglýsingastofa	Skýrr hf.	Veitingahúsið Carúsó
jarðverktaki	Papyrus-innrömmun ehf	SM Kvótaping ehf.	Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Loftstokkahreinsun ehf	PG Þjónusta ehf.	Smith & Norland hf.	Veitingahúsið Lauga-ás
S: 893 3397	Pixel Prentþjónusta ehf.	Smurstöðin Klöpp ehf.	Verðlistinn v/Laugalæk
Lost.is	Pípulagnaverktakar ehf.	Snæland Grímsson ehf. Hóp-ferðabílar	Verk-Co ehf.
LP-Verk ehf. - Byggingafélga	Plastco hf.	Sportbarinn ehf.	Verkfræðistofan VIK ehf.
Lúmex ehf.	Plúsmarkaðurinn	Stálbyggingar ehf.	Verkfærasalan ehf.
Lögfræðiskrifstofa Tryggva Viggóssonar	Hátúni 10b ehf.	Studio Hallgerður	Vernd - Fangahjálp .
Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar hdl.	Poulsen ehf.	Suzuki bílar hf.	Verslunin Friða frænka ehf.
Lögfræðistofa	Prikið	Svarta kaffið	Verslunin Rangá sf.
Reykjavíkur ehf.	Profilstál ehf.	- Kaffibaunin ehf.	Vélar og verkfæri ehf.
Löggarður ehf.	Protak ehf.	Sævörur ehf.	Vélvík ehf.
Löggildir	Raffélagið ehf.	Talnakönnun	Vinnufatabúðin
Endurskoðendur ehf.	Rafloft ehf.	Tannlæknast. Birgis	Vífílfell hf.
Lögmannsskrifstofan	Rafsvið sf.	Dagfinnssonar ehf.	Víking-hús ehf.
Fortis ehf.	Rafvörn ehf	Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar	Víkur-ós ehf.
Lögmannsstofa Rúnars S.Gíslasonar	Rannsóknarþjónustan	Tannlæknastofa	Vínberíð
Lögmál ehf.	Sýni hf.	Ingólfs Eldjárn	VR
Lögmenn Árbæ - www.skadi.is	Rannsóknastofa í lyfja-og eiturefnafræði H.Í.	Tannlæknastofa Ingunnar M. Friðleifsdóttur	VT Þjónustan ehf.
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.	Ráðgjafar ehf.	Friðleifsdóttur	Wilson's Pizza ehf.
Lögreglufélag Reykjavíkur	Reikniver ehf.	Tannlækningastofa	icelandcongress.is
Lögvörn ehf.	Rekstrarfélagið Kringlan	Friðleifs Stefánssonar	Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Löndun ehf.	Reykjavíkur Apótek	Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar	Ögurvík hf.
Mandat, lögmannsstofa	Reykjavíkurborg	Tarzan ehf	Seltjarnarnes
Maritech ehf.	Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners	TGM Ráðgjöf	About Fish Íslandi ehf.
Málarakompaníið ehf	Rikki Chan ehf	Thai matstofan ehf.	Galdrastál ehf.
Málarameistarar ehf.	Rizzo Pizzeria ehf.	Tímaritið Lifandi Vísindi - Elísa Guðrún ehf.	Innrömmun Guðmundar Nesskip hf.
Merking ehf.	Ríkislögreglustjórinn	Tjónamat og skoðun ehf.	Tannlæknastofa
Minjavernd	Ríkissaksóknari	Tollstjórinn í Reykjavík	Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Múlakaffi	Samhugur ehf.	Tónastöðin ehf.	Vogar
Myndhraði	Samsýn ehf.	TREX	Café Blue - Blátt ehf
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Sandra María Steinarsdóttir - Polanska slf.	Hóppferðamiðstöðin ehf.	Kópavogur
Nesdekk ehf.	Securitas hf.	Tryggingamiðlun	A P Varahlutir - Verslun ehf.
Nesradíó ehf.	Seðlabanki Íslands	Íslands ehf.	Allt mögulegt ehf.
Nexus	Sendibílar og hraðþjónusta ehf.	Túnþökuþjónustan ehf.	Allt-af ehf.
	Sigmundur Hannesson hrl.	Tækni ehf.	AMG Aukaraf ehf.
	Sigurjónsson & Thor ehf.	Tösku- og hanskabúðin hf.	Arinsmiði A-Ö - Jón Eldon
	Sjálfstæðisflokkurinn	Ull og Gjafavörur	Logason
	SKALLI	Varahlutaverslunin	Arnardalur sf.
			Arnarverk ehf.

Skýring:

Felur í sér að vaktavinnufólki er frá 1. mars 2012 tryggður sami réttur til greiðslu fæðisfjár og dagvinnufólki. Hækkun fatapeninga á við um heilbrigðisstofnanir þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúrræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar.

Vinnusókn og ferðir

Starfsmenn í þéttbýli þar sem strætisvagnar ganga fá greiddar ferðir eða þeim séð fyrir ferðum þegar vagnar ganga ekki.

Starfsmönnum í þéttbýli þar sem ekki eru almenningsamgöngur skal séð fyrir ferðum frá kl. 00:00 til kl. 07:00 virka daga og frá kl. 00:00 til kl. 12:00 á almennum eða á sérstökum frídögum.

Skýring:

Sett fram til nánari skýringa á núverandi greinum, tímasetningum er lítillega breytt og vegalengdin sem greiðsla ferðakostnaðar miðast við er nú að hámarki 15 km í stað 12 km áður.

Ferðatími erlendis, ný grein

Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnu-veitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti: Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarendi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Skýring:

Uppi hefur verið ágreiningur um greiðslur vegna vinnuframlags starfsmanna sem er umfram daglega vinnuskýldu en slíkt kemur augljóslega oft upp vegna vinnuferða erlendis og oftast tengt brottfarar- og heimkomutíma.

Slysatryggingar

Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða á stofnun af öðrum orsökum, skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Embætti ríkislögmans fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.

Skýring:

Um mikilsverðan áfanga var hér að ræða vegna áhættusamra starfa við umönnun skjólstaðinga sem eru lítt eða ekki sjálfráðir gerða sinna. Hér er tekin upp sambærileg bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögreglumenn og tjón sem þeir verða fyrir í sínum störfum.

Þá fylgdu með samningnum ýmsar bókar sem bæði lúta að sérkjörum SFR félaga og gilda almennt um stéttarfélag sem aðild eiga að BSRB.



Verð 28.900 kr.

M

MICHELSSEN

ÜRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Ásborg sf. Átak ehf. - bílaleiga www.atak.is B & T bílaréttingar og sprautun ehf. Barðinn ehf. Bergnes ehf. Bifreiðastillingin ehf. Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar Bifreiðaverkstæðið Toppur Bílalakk ehf. Bílalökkunin hf. Bílamarkaðurinn Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf. Bílhúsið ehf. Bíljöfur ehf. Bílstál ehf. Bjarni Runólfsson BJ-verktakar ehf. Blikkarinn hf. Bragi Þór - Ljósmyndun ehf. Bremsan BSA Varahlutir ehf. Cafe Catalína DK Hugbúnaður ehf. Egill Vilhjálmsson ehf. Eignarhaldsfélag Brunabóta- félags Íslands EK Kennsla & Þjónusta ehf. Fjárstoð ehf. G. Sigurður Jóhannesson ehf. Hefilverk ehf. Hugsa sér ehf. Ísfrost ehf. Íslandsspil sf. Íslenskir undirverktakar ehf Íslenskt marfang ehf. Ísnes ehf. Kríunes ehf. Körfuberg ehf. Lakkskemman ehf. Lakksmiðjan ehf. Ljós vakinn ehf. Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar Meðgöngusund sf Nesstál ehf.	Norm-X ehf. Radio-Raf Rafbreidd ehf. Rafport ehf. Reynir bakari ehf. Réttir bílar ehf. Sérverk ehf. Sjúkranuddstofa Silju Smurstöðin ehf. - Dalvegi 16a S: 5543430 Snyrtistofan Jóna ehf. Sólsteinar ehf. Stikuvík ehf. Byggingarfélag - Elka Stjörnuþykk hf. Tern Systems hf Tækniþjónusta Ragnars G.G. ehf. Tölvuvirkni ehf. Varmi ehf. Vélaleiga Auberts Vidd ehf. VSI Öryggishönnun og ráðgjöf ehf. Ýmus ehf. heildverslun Þakpappaþjónustan ehf.	Engilberts Snorrasonar Öryggisgirðingar ehf. Hafnarfjörður Barkasuða Guðmundar ehf. Bátaraf ehf. Byggingafélagið Sandfell ehf. Dalakofinn sf. - Firði Fjarðarbakari ehf. Fjarðargrjót ehf. G. Ingason hf. Gamla Vínhúsið - A. Hansen Grafíka ehf. www.grafíka.is H. Jacobsen ehf. Hafdal hf. Heildverslunin Donna ehf. Héraðsdómur Reykjaness Japanskar-vélar ehf. Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf. Kjarnaguggar ehf. Kjarnamúr ehf. Kjartan Guðjónsson Tannlæknir Kvikmyndahúsið ehf. Lagnameistarinn ehf. Lipurð ehf. Mynstrun ehf. PON Pétur O. Nikulásson ehf. Raftaki ehf. Rakarastofa Halla RB Rúm ehf. S.B.J. réttingar ehf Sílo Gröfubjónusta ehf. Stoð hf. - Stoðtækjasmíði Stofniskur hf. Höfnum Sýningaljós Te og kaffi Tilveran veitingahús ehf. Tor ehf. Trefjar ehf. Umbúðamiðlun ehf. Varma og Vélaverk ehf. Veitingastofan Kænan Verkalýðsfélagið Hlíf Verkþjónusta Kristjáns ehf. Viking björgunarbúnaður VSB verkfræðistofa Vörumerking ehf.	Álftanes Dermis Zen slf. Verslunarfélagið Emerald ehf. Keflavík A. Óskarsson ehf. Bergnet ehf. Brunavarnir Suðurnesja Eignarhaldsfélagið Áfangar ehf. Grímsnes ehf. Húsanes ehf. Ice Bike Langbest ehf. Lögfræðistofa Suðurnesja ehf. Málverk sf. Merkiprent ehf. Nesprýði ehf Olsen Olsen Pylsuvagninn Tjarnargötu RKÍ Suðurnesjadeild Rörvirki sf. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum Samkaup hf. Skipting ehf. Starfsmannafélag Suðurnesja Triton sf. - Tannsmíðastofa Tækni vík ehf. Útfararþjónusta Suðurnesja Varmamót ehf. Verktakasambandið ehf Verslunarmannafélag Suðurnesja Keflavíkurflugvöllur Fagræsting ehf. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum Miðnesheiði ehf. Suðurlflug ehf. Bygging 787 Grindavík Bryggjan Flutningaþjónusta
--	---	---	---



			
Arnór L. Pálsson frankvæmdastjóri	Ísleifur Jónsson útfararstjóri	Frímánn Andrésson útfararþjónusta	Svafar Magnússon útfararþjónusta
— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —			
			
Huguín Jónsdóttir útfararþjónusta	Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta	Þorsteinn Elísson útfararþjónusta	Ellert Ingason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
Önnumst alla þætti útfararinnar



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is





Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

„Ég ætla að verða lögga þegar ég verð stór.“



Sigvaldi Arnar Lárusson

Hversu margir ungir drengir og stúlkur ætli séu að svara á þennan hátt þegar þau eru spurð þessarar klassísku spurningar? Sem betur fer eigum við enn til fólk sem vill sinna þessu starfi þrátt fyrir að starfið sé oft á tíðum gríðarlega erfitt bæði andlega og líkamlega.

Ég hóf minn feril í löggunni fyrir 11 árum síðan og hef því upplifað margt bæði skemmtilegt en einnig margt sorglegt á mínum starfsferli sem lögreglumaður eins og gefur að skilja. Starfsumhverfið hefur breyst mikið á þessum 11 árum.

Öll þekkjum við ástandið innan lögreglunnar. Er það þá helst hættulegri verkefni, mannekla, skíta djöfulsins kaup, niðurskurður og vinnutíminn sem er þannig að flestir, þar með talið ég, missa meira og meira sambandið við vinina. Þurfa hreinlega að hafa fyrir því að missa ekki alveg samband við þá sem manni þykir vænt um einfaldlega vegna þess að launin okkar eru svo léleg að við þurfum oft að vinna aukavaktir til að brúa bilið og þess á milli viljum við vera heima hjá okkur í faðmi fjölskyldunar.

Lögreglustarfið er í dag orðið hálfgerð hugsjónastarf, menn eru í því vegna þess að þeir hafa áhuga á því og hafa óþrjótandi áhuga á að leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið betra. Ég held að margir viti ekki að lífaldur lögreglumanna er lægri en annarra stétta. Þetta er talið vera vegna álags.

Oft á tíðum hoppum við úr einu verkefni í annað. Förum t.d. úr sjálfsvígi þar sem ungur maður hefur hengt sig á heimili sínu. 30 mínútum síðar erum við stödd í fertugs afmæli þar sem kvartað hefur verið undan hávaða. Húsráðendur og gestir skilja ekkert í þessum „helvítis“ löggum sem eru „alltaf“ svo þungir í skapi og geta ekki gláðst með afmælisgestunum. Svo

jafnvel eftir að við ökum burt frá útkalli sem þessu þá er tilkynnt um ungarbarn í andnað og við tekur margt sem þarf huga að á leið á vettvang. Þangað þarf að aka á forgangsakstri, jafnvel í myrkri og rigningu, og jafnframt gæta öryggi allra annarra vegfaranda og á meðan fer hugurinn á flug um það verkefni sem framundan er. Þetta er eitt raunverulegt dæmi af mörgum sem gerðist á 1 klst. á 12 tíma vakt og 8 klst. eftir afvaktinni. Sú sorglega staðreynd að eftir svona dag eins og ég lýsti hér að ofan þá sitjum við lögreglumenn jafnvel uppi með ábyrgðina á þeim ákvörðunum sem við tökum úti á vettvangi. Ákvarðanir sem teknar eru á einu augnabliki í þessum aðstæðum sem sæta svo gagnrýni yfirmanna, borgaranna og réttarkerfisins. Þar sem ég sit kannski eftir með rýrt mannorð eða jafnvel sem sakamaður. Hvers virði er það?

Já, störf lögreglumanna eru margvísleg og fjölbreytt. Sum útköll sitja í mönnum lengi á eftir, kannski mörg ár. Sum útköll eru þannig að erfitt er að sjá hið fallega í samfélaginu á sama tíma. Sum útköll reyna til hins ýtrasta á andlegan styrk þeirra sem útkallinu sinna. Það að lögreglumaður gangi ekki til allra starfa sinna brosandí og með glöðværð þýðir ekki að hann sé ekki starfi sínu vaxinn. Það að lögreglumaður taki ekki undir með ölvuðum einstakling, sem í gleði sinni og ölaði á einhver samskipti við lögreglu þýðir ekki að viðkomandi lögreglumaður sýni af sér hroka, yfirgang eða vanþóknun á viðmælanda. Það gæti verið að hann hafi verið að koma úr verkefni sem var upp á líf og dauða.

Jafnframt erum við að glíma við nýtt verkefni en með tilkomu skipulagðra glæpahópa á borð við vélhjolasamtök og erlendar og innlendar glæpaklíkur má nú fara að búast við meiri hörku í undirheiminum.



Þessir menn eru skipulagðir og markmið þeirra eru skýr. Þetta er ekki hópur bifhjólamanna sem finnst gaman að koma saman og grilla pulsar, svo einfalt er það.

Ég er í vaktavinnu, vinn á næturnar, tvær helgar í mánuði, vinn 60 tíma vinnuviku. Þar koma aukalega aukavaktir sem oftast eru um helgar og á næturnar. Fyrir þetta sitja eftir skitnar 237,667.- krónur að meðaltali s.l. 3 mánuði eftir að ég hef greitt mína skatta og skyldur. Er hægt að ætlast til þess að við brosum hver mánaðamót þegar við sjáum launaseðilinn? Þetta er ekki eðlilegt, ég er ekki eðlilegur að láta bjóða mér upp á þetta. Af hverju geri ég þetta þá? Ég hef gert þetta af hugsjón en ekki vegna launa en nú er bankinn minn hættur að taka á móti hugsjónum, þær borga víst ekki reikninga.

Ég rakst á þessa skilgreiningu hér að neðan á veraldarvefnum og ákvað að láta hana birtast hér með þessum skrifum mínum.

„Lögreglumaður er sá, sem beðið er eftir með óþreyju, en annars er enginn eins óvelkominn. Lögreglumaður er sambland af öllum manngerðum. Hann er samruni dýrlingsins og syndarans.“

Efhann er vingjarnlegur, þá telst hann uppþrengjandi. Efhann er það ekki, þá telst hann þumbaralegur. Efhann er nákvæmur, þá telst hann háfleygur. Efvantar hnapp á jakkann hans, þá telst hann druslulegur.

Hann verður að vera tilbúinn að slást við og yfirbuga tvo menn í einu, þótt þeir séu helmingi stærri og meiri að burðum, en hann sjálfur. En þetta verður að gerast, án þess, að lögreglumaðurinn rífi jakka sinn og án þess að hann taki á viðkomandi mönnum, slíkt er ruddaskapur.

Efhann vikur sér undan höggi og forðast átök, þá er hann heigull. Slái hann til baka, þá er hann haldinn ólæknandi kvalalosta. Hann verður að vera svo "diplomatískur" að er hann hefur sagt seinasta orðið, þá heldur hver og einn sem í hlut á, að hann gangi burt sem sigurvegari.

Á augnabliki verður lögreglumaður að taka ákvörðun, sem tekur dómara mánuði og jafnvel ár, að fjalla um. Lögreglumaður verður að þekkja lestina án þess að hafa nokkra sjálfur.

Með eitt mannhár að leiðarljósi, verður lögreglumaður að vera tilbúinn með að upplýsa afbrotið, þekkja afbrotamanninn og helst að vita hvar hann hefur falið sig.

Ef afbrotamaður er tekinn höndum, þá var það af einskærri heppni. Ef afbrotamaður kemst undan, þá er lögreglumaðurinn annað hvort viðvaningur eða þá hann var inni á stöð að glápa á sjónvarpið.

Lögreglumaður verður að eyða ómældum tíma í að leita uppi vitni sem síðan hvorki getur eða vill muna nokkurn skapaðan hlut.

Hvað sem öllu líður, þá hlýtur lögreglumaðurinn að



vera snillingur, því hann verður að framfleyta fjölskyldu sinni á launum sínum. Lögreglumenn eru ekki af þessum heimi! "

Höfundur er óþekktur

Er sanngjarnt að bera okkur lögreglumenn saman við aðrar stéttir?

Þær stéttir sem lögreglumenn eru helst bornir saman við eru stéttir sem kalla eftir lögreglu þegar þær lenda í aðstæðum sem ekki verður við ráðið nema aðilar með valdbeitingarheimild og valdbeitingarbúnað komi að. Það er engin önnur stétt sambærileg, við erum mjög sérstök stétt. Berum okkur saman við þá sem þurfa að axla svipaða ábyrgð og lögreglan.

Ráðamenn - sumir allavega, starfsmenn Landhelgisgæslunnar, hjúkrunarfræðingar, flugumferðarstjórar. Þá held ég að það halli verulega á lögreglumenn í samanburðinum.

Lögreglumenn, oft hefur verið þörf fyrir samstöðu en nú er nauðsyn að við sýnum samstöðu. Ég vil ekki trúa öðru en að lögreglumenn standi nú saman og hætti ekki fyrr en við höfum fengið launaleiðréttingu. Gerum starfið eftirsóknarvert þannig að æska landsins muni koma til með að sækja um í lögreglunni og gerum þeim kleift að verða „lögur.“

Sigvaldi Arnar Lárusson
Lögreglumaður.

Oft á tíðum hoppum við úr einu verkefni í annað. Förum t.d. úr sjálfsvígi þar sem ungur maður hefur hengt sig á heimili sínu. 30 mínútum síðar erum við stödd í fertugs afmæli þar sem kvartað hefur verið undan hávaða.





Rannsókn gefur grænt ljós á Taser

Rétt notkun Taser sögð jafn hættulítill eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu

Afgerandi niðurstaða er nú komin varðandi Taser valdbeitingartækin. Um er að ræða afrakstur fimm ára rannsóknarvinnu Rannsókn- og þróunarstofnunar bandaríska dómsmálaráðuneytisins (National Institute of Justice – NIJ).

Stofnunin stóð fyrir tveimur viðamiklum rannsóknum á notkun Taser. Önnur rannsóknin sneri að læknisfræðilegum áhrifum tækjanna og hin að notkun þeirra við lögreglustörf. Tugir vísindamanna komu að þessum rannsóknum.

Megin niðurstaðan er sú að rétt notkun Taser sé jafn hættulítill eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu, en hafi ótvíræða kosti við að fækka meiðslum á lögreglumönnum jafnt sem brotamönnum. Ekkert mæli gegn því að lögregla taki Taser í notkun og margt mæli með því.

Hættulaust í notkun

Læknisfræðilega rannsóknin beindist einkum að dauðsföllum sem orðið hafa í tengslum við notkun á Taser við handtökur lögreglu. Megin niðurstaða hennar er að rétt notkun á rafpúlstækjum valdi engri sérstakri hættu á hjartsláttartruflunum og aðrar ástæður en notkun Taser hafi leitt til dauða viðkomandi einstaklinga.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er m.a. að finna eftirfarandi:

Allar niðurstöður benda til þess að notkun á Taser sé jafn hættulítill eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu.

Engar læknisfræðilegar rannsóknir benda til þess að eðlileg notkun á Taser valdi sérstakri hættu á hjartsláttartruflunum, jafnvel þótt rafpúlsinn frá tækjunum fari í brjóstakassa einstaklinga.

Öryggismörk eru mjög há ef tækjunum er beitt í samræmi við ábendingar framleiðandans.

Frá læknisfræðilegu sjónarmiði er engin ástæða fyrir lögregluembætti að forðast notkun á Taser til að yfirbuga einstaklinga sem sýna mótfroða eða berj-ast á móti handtöku, svo fremi sem tækin séu notuð samkvæmt reglum og leiðbeiningum. Æskilegast er að eftir hverja slíka notkun sé gerð skýrsla um valdbeitingaraðgerðina af þar til bærum sérfræðingum á sviði læknisfræði.

Dregur úr meiðslum lögreglumanna

Hin rannsóknarskýrslan sýnir að notkun á Taser leiðir til umtalsverðrar fækkunar á meiðslum lögreglumanna jafnt sem brotamanna.

Í skýrslunni um notkun lögreglu á Taser segir meðal annars:

Samanburður á meiðslum brotamanna og lögreglumanna fyrir og eftir að lögregluembætti tóku Taser í notkun sýnir verulega fækkun á meiðslum beggja hópa eftir upptöku tækjanna.

Rannsókn á 25 þúsund tilfellum, þar sem lögregla beitti líkamlegu afli við að yfirbuga einstaklinga, sýndi að í 17-64% tilfella meiddust hinir handteknu og í 10-20% tilfella meiddust lögreglumenn. Í valdbeitingartilfellum þar sem aðeins var beitt piparúða eða Taser voru meiðsli 65-70% færri.

Mikilvægt er að lögreglumenn fái góða þjálfun í notkun á Taser, ekki síst til að geta metið við hvaða aðstæður og gagnvart hvaða einstaklingum rétt sé að beita tækjunum. Ekki síst er mikilvægt að hafa hliðsjón af ástandi, aldri og kyni viðkomandi einstaklinga.

Niðurstöður sem beðið hefur verið eftir

Þrátt fyrir að hátt í 300 rannsóknir hafi verið gerðar á áhrifum og notkun á Taser hefur niðurstaðna úr þessum tveimur rannsóknum NIJ verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Um er að ræða niðurstöður óháðra rannsóknarnefnda á vegum bandaríska dómsmálaráðuneytisins, nefnda sem fengu nægan mannskap, tíma og fjármagn til að rannsaka til hlítar áhrif og notkun tækjanna. Rannsóknirnar voru alfarið fjármagnaðar úr rannsóknasjóðum National Institute of Justice.

Ákveðið var að hefja rannsóknirnar árið 2006 og upphaflega stóð til að niðurstöður gætu legið fyrir í lok árs 2009. Umfang rannsókna varð hins vegar mun meira og því hefur dregist að birta niðurstöðurnar.

Fjórtán vísindamenn stýrðu læknisfræðilegu rannsókninni og leituðu þeir til 32 sérfræðinga í vinnuferlinu. Sex vísindamenn stýrðu rannsókninni á tækjanotkuninni hjá lögreglu og studdust við upplýsingar frá þúsundum lögregluembættum.

Skýrslurnar svara gagnrýnisröddum

Ýmsir gagnrýnendur á notkun Taser hafa lýst yfir að þeir ætluðu ekki að taka endanlega afstöðu fyrr en niðurstöður þessara rannsókna NIJ lægju fyrir. Því er ljóst að verulega á eftir að draga úr þeirri ómálefnalegu, örökstuddu og oft tilfinningaþrungnu gagnrýni sem haldið hefur verið á lofti um Taser. Í þessu samhengi má rífa upp að fram undir lok síðustu aldar beindu ýmis mannréttindasamtök í Bandaríkjunum spjótum sínum af miklum kröftum gegn notkun lögreglu á piparúða. Ein samtökin fullyrtu að tengja mætti piparúða við dauða 70 manna við handtöku eða varðhald í Bandaríkjunum.



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Sigga ehf.
Gunnar E. Vilbergsson
H.H. Rafverktakar
PGV
Framtíðarform ehf.
Silfell ehf.
TG raf ehf.
Vélsmiðja
Grindavíkur ehf
Vísir hf.
Þorbjörn hf.

Sandgerði

Sjávarmál ehf.

Garður

Amp Rafverktaki ehf.
Aukin Ökuréttindi
Dvalarheimili aldraðra
Suðurnesjum
Garðvangur
S.I. Raflagnir ehf.

Njarðvík

Fitjavík ehf.
HS Orka hf.
Meindýraeiðing Ómars
Nýsprautun ehf
Plexigler ehf
R.H. innréttingar ehf.
Trausti Már Traustason,
múraramestari

Mosfellsbær

Álafoss
- verksmiðjusala ehf.
Boltís sf.
Bootcamp ehf.
Dælutækni ehf.
Ferðaleiðir ehf. - Hóþferðir
Garðplöntustöðin
Gróandi
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Hákon og Pétur - Verktakar
Ístex hf. Íslenskur textíliðnaður
Kjósarhreppur

Kjúklingastaðurinn
Suðurveri ehf
Laxnes ehf - www.laxnes.is
Matfugl ehf.
Nanotækni ehf
Rafþjónusta Ingólfs ehf.
Rammsteinn ehf
Sigurplast ehf.
Spissar ehf.

Akranes

Akranesdeild
Rauða Kross Íslands
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Elkem Island ehf.
Glit málun ehf.
Grastec ehf.
GT tækni ehf.
Ólafur Karvelsson
Plast-X ehf.
Rakarastofa Hinriks
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Skagaverk ehf.
Smurstöðin Akranesi sf.
Straumnes ehf., rafverktakar
Sýslumaðurinn á Akranesi
Vélaleiga Halldórs
Sigurðssonar ehf.
Vélsmiðja
Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Vignir G. Jónsson ehf.

Borgarnes

Bókhalds -
og tölvuþjónustan ehf.
Eyja- og Miklaholtshreppur
JG vélar sf
Jörvi ehf. vinnuvélar
Landnámssetur Íslands
Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar ehf.
Vegamót -
Þjónustumiðstöðin
Velverk ehf.
Vélaverkstæðið
Vogalæk
Völundur Sigurbjörnsson
Þjónustumiðstöðin

Húsafelli ehf.

Stykkishólmur

Bílaverkstæðið Dekk
og smur ehf.
Narfeyri ehf.
Sýslumaður
Snæfellinga
Sæferðir ehf.
Útgerðarfélagið
Kári ehf.
Grundarfjörður
Áningin Kverná
Farsæll ehf.
Hjálmar hf.

Ólafsvík

Fiskmarkaður Íslands hf.

Hellissandur

Hótel Hellissandur
K.G. Fiskverkun ehf.
Nesver hf.
Nónvarða ehf.
Sjávარიðjan Rifi hf.
Skarðsvík hf.
Snæfellsbær

Búðardalur

Sýslumaðurinn
í Búðardal
Reykholahreppur
Kolur hf.
Þörungaverksmiðjan hf.

Ísafjörður

Akstur og löndun ehf
Félag opinberra starfsmanna
á Vestfjörðum
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Hafnarbúðin
Hamraborg ehf.
Hótel Ísafjörður
Stál og Hnífur ehf.
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Teiknistofan

Eik ehf.

Útgerðafél. Kjölur

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða
Fiskmarkaður Bolungarv.og
Suðureyrar ehf.
Héraðssjóður
Vestfjarðaprófastsdæmis
Sérleyfisferðir
Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur

Súðavík

Víkurbúðin ehf.

Flateyri

RKÍ Önundarfjarðardeild
Sytra ehf.

Patreksfjörður

Fjölval Verslun
Matmaður ehf.
Smur og dekkjaþjónusta
Sýslumaðurinn
á Patreksfirði
Veitingastofan Þorpið
Vestmar ehf.

Tálknafjörður

Bókhaldsstofan
Tálknafirði
Gistiheimilið
Bjarmalandi ehf.
Þórsberg ehf.

Þingeyri

Brautin sf.

Brú

S.G. Verkstæði ehf

Var þess krafist lengi vel að notkun piparúða yrði bönnuð. Viðkomandi samtök viðurkenndu svo á endanum að engar sannanir lægu fyrir um að piparúði hafi valdið dauðsföllum. Eftir að Taser kom á markað var hætt að tala um piparúða, en athyglinni alfarið beint að þessu nýja valdbeitingartæki.

Rétt notkun Taser er ekki hættuleg

Rannsóknir NIJ staðfesta það sem fram hefur komið í fjölda annarra rannsókna allt frá því rafpúlstæki (sem eru nánast eingöngu Taser) voru fyrst tekin í notkun um aldamótin. Niðurstaðan hefur einnig verið á þann veg að rafpúlstæknin sem beitt er með Taser sé ekki hættuleg. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingar hafa látist í átökum við lögreglu og Taser hefur komið við sögu, er vímuefna- eða sjúkdómsástand viðkomandi, ásamt aðdraganda og eftirmála átakanna einnig orsakavaldur dauðsfallanna.

Í árslok 2010 höfðu 2,4 milljónir manna fengið í sig rafpúls úr Taser, frá því að fyrstu tækin komu á markað rétt fyrir aldamótin. Skiptingin er nánast jöfn á milli notkunar við lögreglustörf og prófana á sjálfbóðaliðum, eða um 1,2 milljónir á hvorn hóp. Af þeim 1,2 milljónum tilfella þar sem Taser hefur verið beitt við handtökur eða í öðrum lögregluáðgerðum hafa orðið rúmlega 300 dauðsföll. Þau hafa nánast eingöngu orðið í Bandaríkjunum og Kanada. Í engu þessara dauðsfalla hefur verið úrskurðað við réttarrannsókn að rafpúls frá Taser hafi valdið dauða viðkomandi einstaklinga.

Ofsafengin átök og vímuefnaneysla meginorsök dauðsfalla

Í hinni læknisfræðilegu skýrslu NIJ segir að notkun Taser valdi alls ekki meira álagi en önnur átök sem fylgja handtöku, þar á meðal harkaleg orðaskipti, líkamleg átök, flótti á hlaupum eða að viðkomandi sé haldið föngnum. Við öll slík átök eykst hættan á dauðsfalli ef viðkomandi einstaklingur er undir áhrifum vímuefna, mjög æstur, berst um af miklum ofsa eða hefur undirliggjandi hjartasjúkdóma. Bent er á að í slíkum átökum geti skapast lífshættulegt ástand sem kallast blóðsýring (acidosis). Blóðsýring framkallar ekki ósvipað ástand í líkamanum og við dauðastirðnun (rigor mortis). Ofsafengin átök valda blóðsýringu og þá kallar líkaminn á stóraukið súrefnisflæði til að ná jafnvægi. Öndun og hjartsláttur eykst þá til muna og hætta er á að hjartað gefi sig, sérstaklega ef viðkomandi er undir áhrifum vímuefna og/eða er veill fyrir hjarta. Undir áhrifum vímuefna skynjar fólk síður takmörk sín eða þau hættumerki sem líkaminn sendir. Mörg dauðsföll við slíkar aðstæður hafa einnig orðið vegna þess að viðkomandi brotamaður kafnar í átökunum, sérstaklega ef honum er haldið niðri af afli.

Rannsóknarnefndin segir í skýrslu sinni að beiting



Taser auki blóðsýringu lítið sem ekkert og hafi ekki áhrif á öndun einstaklinga. Með Taser er hins vegar hægt að yfirbuga illvíga brotamenn á skjótan hátt og þannig draga úr hættu á átökum sem geta leitt til stóraukinnar blóðsýringar.

Rétt notkun Taser skiptir mestu máli

Þrátt fyrir að rannsóknarnefndin telji notkun Taser ýmist jafn hættulitla eða hættuminni en aðrar valdbeitingaraðgerðir, þá brýnir hún fyrir lögregluembættum að vandað sé til þjálfunar notenda tækjanna og þeim sé aldrei beitt lengur en í 15 sekúndur. Venjuleg notkun Taser varir í allt að 5 sekúndur.

Dæmi eru til um ranga og óþarfa notkun á Taser og spara fjölmiðlar sig sjaldnast í frásögnum þegar slík tilfelli koma upp. Rannsóknarnefndin áréttar því mikilvægi þess að þjálfra lögreglumenn mjög vel, hafa virkt eftirlit og læra af reynslunni. Fyrst og fremst bendir rannsóknarnefndin á þá kosti sem rétt notkun Taser hefur í för með sér; þ.e. að minnka meiddli brotamanna og lögreglumanna við handtökur, svo og að draga úr lífshættulegum átökum og/eða beitingu skotvopna við lögreglustörf.

Tenglar á rannsóknarskýrslur NIJ
Study of Deaths Following Electro
Muscular Disruption
www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/233432.pdf
Police Use of Force, Tasers
and Other Less-Lethal Weapons
www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/232215.pdf



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Hólmavík

Hótel Laugarhóll
- www.laugarholl.is
Strandabyggð
Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf.

Hvammstangi

Ferðaþjónustan Dæli, Viðidal
Ferðir ehf.
Selasetur Íslands ehf.
- www.selasetur.is
Steypustöð
Hvammstanga
Veidifélag
Arnarvatnsheiðar
og Tvídægru
Veitingaskálinn Viðigerði
Vertinn ehf.
Villi Valli ehf.

Blönduós

Húnavatnshreppur
Léttitækni ehf.
Sýslumaðurinn á Blönduósi

Skagaströnd

Rafmagnsverkstæðið
Neistinn ehf.
Skagabyggð
Sveitafélagið Skagaströnd

Sauðárkrókur

Aldan stéttarfélag
Bifreiðaverkstæði
Kaupfélags Skagfirðinga
Héraðsdómur
Norðurlands vestra
Kaupfélag Skagfirðinga
Króksverk ehf.
K-Tak hf.
Leiðbeiningarmiðstöðin
Sjávarleður hf.
Sknastöðin ehf.
Sparisjóður Skagafjarðar

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Vörumiðlun ehf.
Ökuskóli
Norðurlands vestra sf.

Varmahlíð

Akrahreppur - Skagafirði
Ferðaþjónusta bænda
Hestasport
- Ævintýraferðir ehf.
Langamýri fræðslusetur

Akureyri

Ásbyrgi - Flóra ehf.
B. Jensen
Borgarbíó
Bæjarverk hf.
Car X
Centro
Ferðaþjónusta við Systragil
Félag málmíðnaðarmanna
Akureyri
Form ráðgjöf ehf.
Garðyrkjustöðin Brúnalaug
Hnýfill ehf.
Húsbílar ehf.
Höldur ehf. - Bílaleiga
Akureyrar
India Karry kofi ehf.
Íslensk verðbréf.
J.M.J. herraftaverslun
Jökla ehf. - flugkaffi
Kjarnafæði hf.
Kælismiðjan
Frost ehf.
Litblær ehf.
Litla kaffistofan
Ljósgrafinn ehf.
Lostæti ehf.
Lögmannsstofa Hreins
Pálssonar hrl. ehf.
Malbikun KM
Meðferðarheimilið
Laugalandi
Miðstöð ehf.
Norðurmynd ehf.
Rafeyri ehf.
Rafmenn ehf.

Raftákn ehf.

Samherji hf.
Sjómannaþlaðið Víkingur
Slökkvilið Akureyrar
Steypustöð Akureyrar ehf.
Sveitahótelid ehf.
Útrás hf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Viðar ehf.
Þekking hf.

Grenivík

Sparisjóður
Höfðhverfinga

Dalvík

Gistihúsið Skeið
www.thule-tours..is
Klaufi ehf.
Lögreglufélag Eyjafjarðar bt/
Grétars Vilhelmssonar
Salka Fiskmiðlun hf.
Ævar og Bóas ehf.

Ólafsfjörður

Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Vélfag ehf.

Hrísey

Hvatastaðir ehf.
Eingrunarstöð Gæludýra
Hrísey

Húsavík

Heiðarbær veitingar sf.
Heimabakarí - Eðalbrauð
Höfðavélar ehf.
Jarðverk ehf
Kiðagil ehf
Skóbúð Húsavíkur
Sýslumaðurinn á Húsavík
Ökuskóli Húsavíkur ehf.

Reykjahlíð

Dimmuborgir guesthouse

Draumaborgir ehf. -
Kaffiborgir
Eldá ehf.
Fjalladýrð

Kópasker

Borgartangi ehf.
Búðin Kópaskeri ehf.

Raufarhöfn

Önundur ehf.

Þórshöfn

B.J. Vinnuvélar ehf.
Langanesbyggð
S.F. ehf.
Sparisjóður Þórshafnar og
nágrennis

Vopnafjörður

Arnarvatn ehf.

Egilsstaðir

AFL-Starfsgreinafélag
Bílaboginn
Bílamálun Egilsstöðum ehf.
Bókráð, bókhald
og ráðgjöf ehf.
Bólholt ehf.
Fellabakarí
G. Ármannsson ehf.
Gistihúsið Egilsstöðum
Grænafell ehf, kranþjónusta
Hitaveita Egilsstaða
og Fella
Ormsson Vík
Rafey ehf.
Skógrækt ríkisins
Snyrtistofan Alda
Tindaberg ehf.
Ökuskóli Austurlands

Seyðisfjörður

Austfar ehf.



Endurbætur á orlofshúsi LL í Munaðarnesi

Orlofsnefnd ákvað sl. vor að ráðast í gagngerar endurbætur á öðrum bústaðnum okkar í Munaðarnesi. Ástæðan fyrir því að áhersla var lögð á einungis annan bústaðinn var einfaldlega að þeir fjármunir sem orlofsnefnd hefur úr að spila eru takmarkaðir en einnig þótti skynsamlegt að kanna sérstaklega hjá félagsmönnum hvernig þeim þykja breytingar hafa tekist. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um endurbætur á hinum bústaðnum og hve miklum fjármunum við getum varið í það.


Eftir að ákvörðun lá fyrir var farið í að afla tilboða í verkið og orlofsnefndin ásamt starfsfólki á skrifstofu LL fór í að velja húsgögn, ljós o.fl. Allt þetta útheimti mikla vinnu og á orlofsnefnd miklar þakkir skildar fyrir vinnusemi sína í þessu ferli öllu. Framkvæmdum lauk rétt fyrir páskaútleiguna en síðustu dagana var unnið hörðum höndum á staðnum við lokafrágang, setja saman húsgögn, ganga frá rafmagni og koma öllu á sinn stað.

En nánar um það sem gert var. Litla koju-

herbergið var tekið niður og alrýmið stækkað. Til að mæta þessari fækkun svefnplássu var bætt við kojurúmi í annað svefnherbergið sem var haganlega komið fyrir á vegg fyrir ofan tvíbreiða rúmið. Skipt var um öll gólfefni og nýtt parket lagt. Bústaðurinn var hvíttaður og rafmagnslagnir endurnýjaðar. Badherbergið var endurnýjað með öllu, skipt um vegg og gólfefni, nýr sturtuklefi, upphengt klósett, nýr vaskur og ný innhréttling sett upp. Ný húsgögn voru keypt og ljós endurnýjuð. Stærri ísskápur og uppþvottavél voru keypt í báða bústaðina, nýjar gardínur og einnig var allur borðbúnaður endurnýjaður í báðum bústöðunum. Þá var sett filma í glugga milli herbergja.

Framkvæmdir stóðu yfir í tæpa tvo mánuði og var þeim lokið rétt fyrir páska. Þó á eftir að skipta um útihurð og er búið að smíða hana og verkið verður klárað um leið og færi gefst að loknu sumarorlofstímabilinu.

Meðfylgjandi eru myndir sem sýna bústaðinn bæði fyrir og eftir breytingar.





Landsmót ÍSL í skotfimi 2010

Sigfús Íslandsmeistari ÍSL í Glock 2010

Landsmót ÍSL í skotfimi fyrir árið 2010 fór fram laugardaginn 26. mars 2011 á Suðurnesjum. Reynt hafði verið að halda mótið í fyrrihaust en það ekki gengið þar sem unnið var að endurbótum á gamla skotsal varnarliðsins sem staðsettur er á leiðinni út í Hafnir, rétt við gamla aðalhlíðið inn á varnarsvæðið. Blásið var til mótsins núna eftir áramótin eftir að framkvæmdir klárudust við skotsalinn. Skráning var vægast sagt dræm og eftir að skráningarfrestur hafði runnið út var það ljóst að ekki yrði keppt í neinni grein nema Glock-keppninni vegna lélegrar þátttöku. Reyndar var nú þátttakan í Glock-keppninni ekkert til að hrópa húrra fyrir, aðeins mættu 10 keppendur til leiks og aðeins tvær sveitir voru skráðar í sveitakeppnina. Mótið gildi, eins og áður segir, sem landsmót 2010 en stefnt er að því að halda landsmótið fyrir þetta ár í haust.

Hörð keppni í einstaklingsflokki

Þrátt fyrir fáa keppendur var keppnin þó hörð en leikar fóru þannig í lokin að Sigfús B.

Harðarson stóð uppi sem sigurvegari með 236 stig, í öðru sæti varð fyrrum sigurvegari Eggert Magnússon með 233 stig og Eiríkur Stefán Einarsson varð þriðji með 227 stig. Eiríkur hafði möguleika á að stela sigrinum af Sigfúsi í lokin en eins og oft áður með marga keppendur urðu punktarnir honum að falli og hann endaði í þriðja sæti. Sigfús er því Íslandsmeistari ÍSL í Glock-keppninni árið 2010.

Öruggur sigur RLS í sveitakeppni

Það væri nú synd að segja að sveitakeppnin hafi verið jafn hörð! Eins og áður segir voru aðeins tvær sveitir skráðar til leiks, sveitir RLS og LS. Sveit RLS vann öruggan sigur með alls 664 stig en sveitin var skipuð Sigfúsi með 236 stig, Tjörva Einarssyni með 223 stig og Gunnsteini Erni Hjartarsyni með 205 stig. Sveit LS fékk 433 stig en hún var skipuð þeim Sigurbergi Theodórssyni, Gunnari Þórarinssyni og Sigurði Kára Guðnasyni. Stigin hjá sveit LS skiptust þannig að Sigurbergur var með 203 stig, Gunnar var með 173 stig og Siggí „shooter“ var með hvorki meira né minna en 57 stig!

Bölvaður mótsstjórinn gerði auðvitað stólpagrín að Siggá greyinu eins og honum einum er lagið enda hafa fáir menn skorað verr á mótinu en Siggí „shooter.“ Þetta er þó ekki versta skor sem menn hafa fengið...en þó leyfi ég mér að efast um að þeir hinir sömu hafi borið sig jafn fagmannlega að verki við að fá slík hörmungarskor! Ekki nóg með að „shooterinn“ hafi komið á vettvang með sín eigin gleraugu og heyrnarskjól, heldur voru þessar rándýru græjur alveg hreint helmerktar honum í bak og fyrir og fagmennskan hreinlega lak af honum.... alveg þangað til hann byrjaði að skjóta! Auðvitað vonast ég til þess að sjá „shooterinn“ á öllum skotmótum ÍSL í framtíðinni og það er enginn vafi í mínum huga að hann á eftir að bæta sig...annað er auðvitað ekki hægt

Ég vil að lokum þakka öllum þeim keppendum sem þó mættu til leiks og vonast ég til að sjá mun fleiri þegar mótið fyrir árið 2011 fer fram í haust.

*Bestu kveðjur,
F.h. skotnefndar ÍSL
Friðrik K. Jónsson*

Þing Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF

ÞingNorrænarlögregluíþróttasambandsins, NPIF, var haldið í Vestmannaeyjum 28. maí. sl. Til þingsins mættu fulltrúar allra Norðurlandanna eða 13 fulltrúar. Þingið var haldið á Hótel Þórshamri en þar gistu einnig þátttakendur og makar þeirra. Engar stórákvarðanir voru teknar á þinginu en þó kom niðurstaða í mótaskipulag næstu ára.

Norðurlandamót í ratleikni hefur verið haldið á tveggja ára fresti meðan önnur mót hafa verið haldin á fjögurra ára fresti. Á þinginu var samþykkt að öll Norðurlandamót verði haldin á fjögurra ára fresti. Þá var og ákveðið að fresta því að taka upp Norðurlandamót í sundi enda hefur komið í ljós að hjá Finnum er sund ekki samþykkt grein af innanríkisráðuneytinu, svo undarlegt sem það kann að hljóma. Ísland hefur farið með formennsku í norræna sambandinu frá árinu 2009 bæði í stjórn og tækninefnd. Óskar Bjartmarz hefur verið formaður stjórnar og Guðmundur St. Sigmundsson verið formaður tækninefndar. Arinbjörn Snorrason var ritari á báðum stöðum. Hann gat ekki verið á þinginu og var Árni Albertsson hjá RLS fenginn til að vera ritari á þinginu sem og á fundi tækninefndar sem var haldinn á undan. Síðustu tvö árin hafa einkennst af niðurfellingu móta, Svíar hættu við að halda mótið í ratleikni, Finnar áttu að halda sundmótið en þegar til kom sögðust þeir ekki ætla að halda það. Þá varð ekkert af mótinu í júdó, lyftingum og grísk-rómverskri glímu sem halda átti



Stjórn NPIF 2011 - 2013.

á Íslandi árið 2010 og var þátttökuleysi um að kenna. Svíar tóku við formennsku í sambandinu á þinginu og gegna því næstu tvö árin. Að þingi loknu var farið með þátttakendur og gesti í skoðunarferð um eyjuna en nær allir utan einn höfðu ekki komið áður til Vestmannaeyja. Að lokinni skoðunarferð um eyjuna var farið í siglingu á tveimur Ribs Safari-bátum, út fyrir Stórhöfða, út að Suðurey og síðan að Bjarnarey og Elliðaey. Var ekki annað að heyra á þátttakendum en að það

hafi verið mikil upplifun að koma til Vestmannaeyja og njóta þess sem þær höfðu upp á að bjóða. Nefna má að sænski formaðurinn hvatti, í leiðara sínum í sænska lögregluíþróttablaðinu, þá sem ekki hefðu skipulagt sumarfrí sitt til að heimsækja Vestmannaeyjar í sumar. Allir þátttakendur fengu glergríp sem gerður var af Berglindi Kristjánsdóttur glerlistakonu í Vestmannaeyjum.

Óskar Bjartmarz



36. Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu

Sigurvergari mótsins, lið LRH.

Dagana 1.-2. apríl sl. var 36. Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu haldið á Akranesi. Eins og flestum er kunnugt hafa liðin skipst á að halda mótin í sinni heimabyggð. Þetta árið var komið að Skagamönnum að halda mótið og fór það fram í íþróttahúsinu að Vesturgötu.

Alls voru 10 lið skráð til keppni og var heildarfjöldi þátttakenda 74 manns. Settur sýslumaður á Akranesi, Halla Bergþóra Björnsdóttir, mætti á staðinn og sá um að setja mótið að þessu sinni. Setningin fór fram um kl. 16:30 á föstudeginum og tekið var að spila strax í kjölfarið.

Mótið var spilað í einni deild og spiluðu því allir við alla. Mót þetta var mun jafnara en síðustu ár og réðust úrslitin ekki fyrr en í loka-leikjunum. Lauk því þó með að lið LRH 1 bar sigur úr báttum á 36. Landsmóti lögreglumanna en síðast sigraði lið þeirra árið 2000. Lið LRH 1 var vel að sigrinum komið og vakti það mikla kátínu meðal leikmanna þess að loks hafi kom-



Lið Norðurlands.

ið sigur, einmitt þegar LRH-einvaldurinn Pétur Guðmundsson gat ekki verið með sökum meiðsla. Lið RLS varð í öðru sæti þetta árið enda búnir að vinna þetta mót allt of oft.

Lokahóf mótsins fór fram í Golfskálanum við Garðavöll og var þátttakan virkilega góð. Skemmtu menn sér þar fram eftir kvöldi en nokkuð margir skelltu sér í kjölfarið í glansgall-

ann og kíktu á Pál Óskar sem lék fyrir dansi á Gamla-kaupfélaginu.

Pétur Steinar Jóhannesson, fyrrverandi lögreglumaður á Akranesi og félagsmálarörl, tók að sér veislustjórn um kvöldið og stóð hann sig með stakri þryði. Kunnum við hjá LFA honum miklar þakkir fyrir aðstoðina.

Lokastaða

1.	LRH	8	0	1	38-13	+25	16
2.	RLS	8	0	1	29-10	+19	16
3.	Norðurland	6	0	3	26-17	+9	12
4.	Akranes	4	2	3	26-22	+4	10
5.	Lögregluskólinn	2	4	3	15-21	-6	8
6.	Suðurnes LS	3	1	5	19-23	-4	7
7.	Suðurnes All Stars	3	1	5	17-27	-10	7
8.	Vesturland	3	1	5	21-25	-14	7
9.	Sérstakur saksóknari	1	2	6	14-25	-11	4
10.	LRH Fiknó	1	1	7	13-25	-12	3

Besti leikmaðurinn Ólafur Jónsson LRH
 Markahæstur Runólfur Þórhallsson RLS 13 mörk
 Íþróttamálaráð LFA Trausti Freyr Jónsson og Garðar Axelsson



Norðurlandamót lögreglu

- haldið á Sauðárkróki dagana 12. – 18. júní 2011

Dagana 12.–18. júní 2011 fór fram Norðurlandamót lögreglumanna í knattspyrnu. Mótið var haldið á Íslandi að þessu sinni, eða nánar tiltekið á Sauðárkróki. Skipulag norðan heiða var í höndum þeirra Stefáns Vagns Stefánssonar, Sigurðar Jóhanns Stefánssonar og Péturs Björnssonar og eiga þeir heiður skilinn fyrir skipulagningu og utanumhald mótsins.

Á mótinu kepptu 5 karlalið og 4 kvennalið, en ekki tókst að manna kvennalið frá Íslandi.

Íslenska liðið var skipað eftirtöldum leikmönnum; Frá LRH, Andri Fannar Helgason, Sigurjón Þórðarson, Þorbergur Ingvi Sævarsson, Sigurður Freyr Sigurðsson, Þorsteinn Jóhann Þorsteinsson, Júlíus Freyr Valgeirsson, Ólafur Jónsson, Gunnar Bachmann, Jón Gunnar Sigurgeirsson, Jóhannes Gauti Sigurðsson, Róbert Þór Guðmundsson og Magnús Vignir Guðmundsson. Frá RLS, Einar Júlíusson, Jóhann Örn Guðbrandsson og Sveinn Ægir Árnason. Frá Suðurnesjum, Ólafur Örvar Ólafsson. Frá sérstökum saksóknara, Stefán Örn Arnarson og frá Sauðárkróki, Sigurður Jóhann Stefánsson.

Þjálfari liðsins var Þormóður Egilsson, en honum til aðstoðar voru Magnús Jónasson LRH, Kristján Geirsson Suðurnesjum og Hálf-dán Daðason frá sérstökum saksóknara.

Sigurverarar mótsins voru Danir í karlaflokki og Noregur í kvennaflokki.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Karlar:

- 1. Danmörk 8 stig
- 2. Finnland 7 stig
- 3. Noregur 5 stig
- 4. Svíþjóð 5 stig
- 5. Ísland 1 stig

Markahæstur var Bjarte Johannsen frá Noregi með 3 mörk.

Besti leikmaðurinn á mótinu var valinn Martin Heinze frá Danmörku.

Konur:

- 1. Noregur 9 stig
- 2. Svíþjóð 6 stig
- 3. Finnland 3 sig
- 4. Danmörk 0 stig

Markahæst var Sara Johannson frá Svíþjóð með 5 mörk.

Besti leikmaðurinn á mótinu var valin Elisabeth Wahlin frá Noregi.



Opnunarhátíð mótsins.



Andri Fannar valinn maður leiksins við Svíþjóð.

Leikir Íslands á mótinu

Ísland – Finnland 0 – 3 Sauðárkróks-völlur

Byrjunarlið Íslands: Andri Fannar, Einar Júl., Sigurður F., Ólafur Ö., Júlíus F. (Magnús V. 68 mín.), Jóhannes G., Ólafur J., Jóhann Ö. (Gunnar B. 74 mín.), Þorsteinn J. (Róbert Þ. 74 mín.) Stefán Ö. og Þorbergur I. (Sigurður J. 60 mín.).

Ónotaðir varamenn: Sigurjón, Sveinn Æ. og Jón Gunnar.

Íslenska liðið byrjaði mótið að þessu sinni mjög illa, en strax á 3. mín. skoruðu Finnar mark eftir klafs í teignum. Í kjölfar marksins vaknaði íslenska liðið til lífsins og fór að sækja af krafti og átti nokkur hálfæri en Finnar vörðust vel. Á 33. mín. var svo vandi-punktur leiksins þegar íslenska liðið fékk



umanna í knattspyrnu



Starfsmaður mótsins og norskur leikmaður.

vítaspyrnu. Spyrnuna tók Þorsteinn J. sem setti markmanninn í vitlaust horn, en boltinn fór í innanverða stöngina og rúllaði síðan eftir línunni þar til Jóhann Ö. ætlaði að negla boltanum í netið en á einhvern ótrúlegan hátt náði markmaðurinn að verja boltann í horn. Í kjölfar hornsins sem íslenska liðið náði ekki að nýta brunuðu Finnar í sókn og skoruðu sitt annað mark á 36. mín.

Síðari hálfleikurinn var jafn, en þó skoruðu Finnar þriðja og síðasta mark sitt á 73. mín. Maður leiksins var valin Ville Pajula, Finnlandi.

Svíþjóð – Ísland 2 – 1 Hofsvöllur

Byrjunarlið Íslands: Andri Fannar, Einar Júl. (Jón G. 85 mín.), Sigurður F., Ólafur Ö. (Þorbergur I. 68 mín.), Júlíus F., Jóhannes G., Gunnar B. (Róbert Þ. 68 mín.), Jóhann Ö., Ólafur J., Þorsteinn J., Stefán Ö. (Sveinn Æ. 61 mín.).

Ónotaðir varamenn: Sigurjón, Magnús V.

Allt annað var að sjá leik íslenska liðsins í upphafi leiksins á móti Svíum, liðið var samstillt og allir leikmenn klárir í leikinn. Jafnræði var með liðunum en þó áttu Svíar nokkur hættuleg færi sem Andri Fannar sá við. Á 34. mín. komust Svíar einir inn fyrir vörn íslenska liðsins og skoruðu og þannig var staðan í hálfleik. Seinni hálfleikur var eins og sá fyrri, jafn og spennandi, en þó sóttu Svíarnir meira og enn hélt Andri Fannar íslenska liðinu á floti. Á 50. mín. fékk íslenska liðið svo

vítaspyrnu og úr henni skoraði Sigurður F. örugglega. Adam var þó ekki lengi í paradís því Svíar komust aftur yfir á 55. mín. en þá kom fyrirgjöf frá vinstri og einn og óvaldaður Svíi í markteig íslenska liðsins átti ekki í erfiðleikum með að leggja boltann yfir marklínuna. Á 63. mín. varð íslenska liðið fyrir áfalli þegar Sigurður F. var sendur í sturtu, en hann rakst aftan í hælana á einum Svíanum sem var að sleppa einn inn fyrir vörnina. Þrátt fyrir að vera manni færri var jafnræði á milli liðanna allt til loka. Á 89. mín. komst svo Jóhann Ö. einn inn fyrir vörn Svía og vippaði laglega yfir markmann þeirra af 25-30 metra færi en var svo óheppinn að boltinn fór í slána og yfir.

Eftir leik var Andri Fannar valinn maður leiksins, en hann varði á köflum stórkostlega og hélt íslenska liðinu inni í leiknum.

Ísland – Noregur 0 – 3

Sauðárkróksvöllur, völlum 2

Byrjunarlið Íslands: Andri Fannar, Þorbergur I., Gunnar B. (Róbert Þ. 80 mín.), Ólafur Ö. (Einar J. 75 mín.), Júlíus F., Jón G., Sveinn Æ., Ólafur J., Jóhannes G., Magnús V., Þorsteinn J. (Stefán Ö. 70 mín.).

Ónotaðir varamenn: Sigurjón.

Í leikbanni: Sigurður F. Sigurðsson fyrir útafrestur og Jóhann Örn Guðbrandsson fyrir tvö gul spjöld í tveimur leikjum.

Leikurinn á móti Noregi var erfiður frá

upphafi til enda fyrir íslenska liðið. Góð barátta var í íslenska liðinu sem þó var mestallan leikinn í eltingarleik um boltann. Á 24. mín., varð íslenska liðið fyrir því óláni að skora sjálfsmark, í kjölfarið gengu Norðmenn á lagið og skoruðu annað mark á 31. mín. og staðan 0 – 2 í hálfleik. Norðmenn skoruðu sitt þriðja og síðasta mark í upphafi síðari hálfleiks, en eftir það jafnaðist leikurinn og íslenska liðið sótti meira ef eitthvað var og komst í tvö ágætis færi sem nýttust ekki.

Eftir leik var Andri Fannar valinn maður leiksins, en hann hélt íslenska liðinu á floti í leiknum.

Danmörk – Ísland 1 – 1

Sauðárkróksvöllur

Byrjunarlið Íslands: Andri Fannar, Þorbergur I., Sigurður F., Ólafur Ö., Júlíus F., Jóhannes G. (Þorsteinn J. 51 mín.), Sveinn Æ., Ólafur J., Sigurður J., Jóhann Ö., Stefán Ö.

Ónotaðir varamenn: Sigurjón, Einar Júl., Gunnar B., Jón G., Róbert Þ.

Leikurinn á móti Dönum var spilaður á þjóðháttíðardaginn og voru íslensku leikmennirnir ákveðnir í að klára mótið með sæmd. Leikurinn var jafn frá upphafi og skiptust liðin á að sækja, þó svo að Danir væru meira með boltann. Danska liðið skoraði laglegt mark á 17. mín. eftir fyrirgjöf frá hægri, staðan 1 – 0 og þannig var staðan í hálfleik. Síðari hálfleikur var svipaður þeim fyrri, jafn og spennandi. Á 72. mín. skoraði Jóhann Ö. svo glæsilegt mark af 35 metra færi sem sveif yfir markmanninn. Lítið markvert gerðist síðustu mínútur leiksins og endaði hann með jafntefli og eina stig íslenska liðsins komið í hús. Maður leiksins var valinn Bjørn Brokholm Schrøder, Danmörku.

Dómarar komu frá Sauðárkróki og nágrenni og stóðu þeir sig vel. Einn dómari kom þó frá Reykjavík en það var Pétur Guðmundsson lögreglumaður en hann dæmir í 1. deildinni hér á landi. Hann stóð sig einnig með ágætum og hafði góð tók á þeim leikjum sem hann dæmdi.

Magnús Jónsson





Stuttfréttir:



Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson heiðraðir: Í hófi að loknu þingi NPIF í Vestmannaeyjum 28. maí sl. kvaddi Ivar Thoresen, formaður norska lögregluíþróttasambandsins, sér hljóðs. Hann tilkynnti að ákveðið hefði verið hjá norska sambandinu að veita Óskari Bjartrmarz og Guðmundi St. Sigmundssyni ædsta heiðursmerki sambandsins, Hederstegn í guld, sem hægt er að veita útlendingum fyrir störf þeirra að íþróttamálum lögreglumanna. Að því loknu afhentu hann og varaformaður norska sambandsins Ellen Mari Burheim þeim Óskari og Guðmundi merkin. Þau eru veitt þeim sem hafa með eftirtektarverðum hætti tekið þátt í íþróttastarfi hvort sem er sem keppendur eða í stjórnnum og nefndum.

Besti starfsmaðurinn á Norðurlandamóti lögreglumanna í knattspyrnu



Starfsmaður mótsins fær afhenta viðurkenningu.

Að öllum mótum koma sarfsmenn sem sinna hinum ýmsu störfum. Það hefur hins vegar ekki verið venjan að velja besta starfsmanninn á mótum á vegum ÍSL. Það var þó gert að loknu Norðurlandamóti lögreglumanna í knattspyrnu sem fram fór á Sauðárkróki. Fyrir valinu varð Atli Dagur Stefánsson, sonur Stefáns Vagns yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki. Hann er 11 ára og tók að sér að vera boltastrákur á nær öllum leikjum sem fram fóru á Sauðárkróki. Hann munaði ekki

um að vera sá eini á leikjunum og sá hann um að sækja boltana fyrir aftan bæði mörkin. Framganga hans vakti eftirtekt og fór svo að norska karlalíðið bauð honum til Noregs síðar í sumar til að horfa á leik í norsku deildinni. Hann var einnig leystur út með gjöfum frá nær öllum liðunum á mótinu. Íslenska líðið sló saman og fékk hann frá liðinu farareyri vegna ferðarinnar til Noregs. Þá má geta þess að margir úr liði ÍSL bættu í þann pott. Frá ÍSL fékk hann glergrip með áletruninni: „NPM knattspyrna -Sauðárkrókur 2011 - Besti starfsmaðurinn“.

Mótalisti: 2011-2012

Landsmót:	Umsjón/mótsstaður	Dags.
Golf	LRH/Urriðavöllur	10. ágúst
Öldungamót í innanhússknattspyrnu	Akureyri	21.-22. október
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL	Nóvember
Innhússknattspyrnumót	Húsavík	Mars/apríl
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL	Maí
Golf	Akranes	Júlí/ágúst
Öldungamót í innanhússknattspyrnu		
Norðurlandamót:		
Frjálsar íþróttir - Víðavangshlaup	Finnland	
Ratleikni	Svíþjóð	
Evrópumót:		
Skotfimi (2011)	Danmörk	Október
Víðavangshlaup	Rúmenía	Mars
Knattspyrna kvenna	Danmörk	Júní
Handknattleikur karla	Þýskaland	Júní
Hjólreiðar	Frakkland	September
Grísk-rómversk glíma	Tékkland	Október



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Hótel Aldan
Seyðisfjarðarkaupstaður
Stjórnuhlástur ehf

Reyðarfjörður

Krana og gröfuleiga
Borgþórs ehf.
Launafl ehf.
Tærgesen ehf.
Eskifjörður
Egersund Ísland ehf.
Fjarðaþrif ehf.
Kría veitingasala ehf.
Réttvísi ehf.

Neskaupstaður

Hótel Capitano
Síldarvinnslan hf.

Stöðvarfjörður

Ástrós ehf.

Breiðdalsvík

Hákon Hansson

Djúpivogur

RKÍ Djúpavogsdeild
S.G. vélar ehf

Höfn

Ferðaþjónustan
Stafaféll í Lóni
Funi ehf. - Sorphreinsun
Hafnarbúðin
Jaspis Hársnyrtistofa ehf.
Rósaberg ehf.
Skinney - Þinganes hf.
Þrastarhóll ehf.
Fagurhólmsmýri
Félagsbúíð Hnappavöllum

Selfoss

A.B. skálinn ehf.

Ábótinn ehf.
Árborg
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Bjarnabúð

Bókaútgáfan Björk
Búhnykkur sf.
Búnaðarfélag
Grafningsshrepps
Dýralæknaþjónusta
Suðurlands ehf
E.B. Kerfi ehf.
Esekiel ehf.
Fossvélar ehf.
Framsóknarfélag
Árnessýslu
Garpar ehf.

Gljúfurbústaður ehf
Góllist ehf.

Héraðsdómur Suðurlands

Hótel Geysir ehf.
Hótel Gullfoss
- Biskupstungum
og Brattholti
Ingimundur
Magnússon ehf.
Jeppasmiðjan ehf.
Kaffi Klettur Reykholti
Kökugerð H.P. hf.
Litli Jón ehf. (Hrói Höttur)
Nátthagi garðplöntustöð
Nesey ehf.

ParaLamp ehf. - Formax ehf.

Pizzavagninn - 899 2910

Rafmagnsverkstæði

Jens og Róberts

Renniverkstæði

Björns Jenssen

Ræktunarsamband

Flóa og Skeiða

S.G. hús hf.

SBD.is - Flycase ehf.

Sigurður Ágúst ehf.

Skálholtsstaður

Sýslumaðurinn á Selfossi

Veitingastaðurinn

Menam ehf.

Veitingastofan T Bær

Selvogi

Verslunin Íris, Kjarnanum

Vélgrafan ehf.

Vinnuvélar - Svinavatni
P.H.blikk ehf.
Ölfus ehf.

Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns
Garðarssonar
BP Skrúðgarðar ehf.
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Garðyrkjustöð
Ingibjargar ehf.
Hótel Ör - Örkin veitingar
Hverabakari - Mæran
Kjörís ehf.
Sport-Tæki ehf
Tannlæknastofa
Þórðar B. ehf

Þorlákshöfn

Bæjarbókasafn Ölfus
Fiskmark ehf.
Ice trucks ehf.
Ísfélag Þorlákshafnar
Járnkarlinn ehf.
Steinsteypusögun
Snæfelds ehf.
Sveitarfélagið Ölfus

Stokkseyri

Durinn ehf.
- www.durinn.is
Flóð og fjara ehf.
Pétur Ragnar Sveinsson ehf.

Flúðir

Flúðasveppir ehf.

Hella

Bílaverkstæðið
Rauðalæk ehf.
Hestvit ehf.
Pakkhúsið ehf.
Byggingavöruversl.
Varahlutaverslun Björns
Jóhannssonar

Hvolsvöllur

Árni Valdimarsson
Búaðföng/bu.is ehf.
Byggðasafnið Skógum
Eining sf.
Hellishólar ehf. - Fljótshlíð
Lögreglan
Hvolsvelli

Vík

Mýrdælingur ehf.

Kirkjubæjarklaustur

Bifreiðaverkstæði Gunnars
Valdimarssonar
Hótel Laki
Icelandair Hotel Klaustur
RKÍ Klausturdeild

Vestmannaeyjar

Alþrif ehf.
Bifreiðaverkstæði Muggs
Grétar Þórarinnsson ehf.
Heimaey ehf. þjónustuver
Huginn ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Kaffi María ehf.
- Brandur ehf.
Karl Kristmanns
- umboðs- og heildverslun
Miðstöðin ehf.
Miðstöðin ehf.
Teiknistofa Páls
Zóphóníassonar ehf.
Tollvarðafélag Íslands
Vestmannaeyjahöfn bt
Sveinn Valgeirsson
Þekkingasetur
Vestmannaeyja

Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150
sereign@lsr.is • www.lsr.is